


FLE BLAÐIÐ

Janúar 2019



Félag löggiltra
endurskoðenda

1. tölublað
41. árgangur

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Alþjóðlegur skattaréttur

Ný lög í farvatninu

Turnarnir tveir

Endurgreiðslur vegna
kvikmynda og tónlistar

FYLGTT ÚR HLAÐI

Þrátt fyrir töluverða endurnýjun í ritnefnd FLE blaðsins á árinu 2018, þar sem tveir nefndarmenn þeir Arnar Már Jóhannesson og Ingvi Már Bergmann hurfu á braut, kemur FLE blaðið út í 41 sinn frá árinu 1978. Þeim er hér með þakkað framlag þeirra til útgáfu FLE blaðsins á undanförunum árum. Nýir nefndarmenn eru þau Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Herbert Baldursson og Kjartan Arnfinnsson en fyrir í nefndinni sat Benóní Torfi Eggertsson með árs reynslu af útgáfu FLE blaðsins.

Blaðið er eins og fyrri blöð fullt af athyglisverðum og skemmtilegum greinum. Fyrst má nefna áhugaverðar greinar annars vegar um ófjárhagslega upplýsingagjöf og hins vegar um alþjóðlegan skattarétt. Bæði þessi efni eru mikið í deiglu núna og koma inn á störf marga endurskoðanda. Einnig eru kynnt til sögunnar frumvarp til nýrra laga um endurskoðendur og endurskoðun sem tímabært er fyrir alla endurskoðendur að kynna sér. Síðan vill svo skemmtilega til að á síðasta ári hvarf Skúli Eggert Þórðarson úr starfi ríkisskattstjóra og varð yfirmaður Ríkisendurskoðunar og Snorri Olsen hvarf úr starfi tollstjóra og tók við starfi ríkisskattstjóra. Á þessum tímamótum tók FLE blaðið hús á þessum heiðursmönnum og ræddi við þá á

léttari nótunum. Einnig er í blaðinu viðtal við Margréti Pétursdóttur endurskoðanda í tilefni þess að hún var á árinu kosin í stjórn IFAC, Alþjóðasambands endurskoðanda. Íslensk skattamál fá að venju sína umfjöllun í blaðinu en í því eru þrjár greinar með snertiflöt við skattinn: í fyrsta lagi er grein um breytingar á virðisaukaskatti vegna þjónustu á milli landa; í öðru lagi er grein um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og í þriðja lagi grein um milliverðlagningu. Tíu ára afmælis hrunsins er líka minnst í blaðinu en í því er grein þar sem fjallað er um breytingar á endurskoðun frá hruni. Starfsemi FLE á árinu fær sína hefðbundnu umfjöllun og að auki er fjallað um ferð félagsmanna og gesta þeirra til Brussel bæði í máli og myndum. Í upphafsmálgreininni var komið inn á reynsluleysi nýrra ritnefndar en að okkar mati hefur samt vel til tekist. Að lokum viljum við þakka greinarhöfundum fyrir góðar greinar því það er ómetanlegt fyrir blaðið að hafa aðgang að fólki sem segir já þegar það er beðið um að skrifa í blaðið.

Janúar 2019, Benóní Torfi Eggertsson, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Herbert Baldursson og Kjartan Arnfinnsson.

ÚTG: FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð ritnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

VINNSLA BLAÐSINS

RITNEFND FLE:

Benóní Torfi Eggertsson, formaður
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir
Herbert Baldursson
Kjartan Arnfinnsson

Prentun: Guðjón Ó

Umsjón: Hrafnhildur Hreinsdóttir

Janúar 2019, 41. árgangur 1. Tölublað



SKRIFSTOFA FLE, HELSTU UPPLÝSINGAR

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15

Sími: 568 8118, Tölvupóstfang: fle@fle.is, Vefsíða FLE: www.fle.is

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri sigurdur@fle.is

Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri fle@fle.is

EFNI BLAÐSINS

Af stjórnarborði.....	4
Punktur úr starfsemi FLE.....	7
Nýir félagar 2019	10
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	11
Þróun á vettvangi alþjóðlegs skattaréttar	14
Í stjórn IFAC.....	17
Til hamingju með afmælið - árið 2019	18
Ný lög í farvatninu	19
Turnarnir tveir.....	22
Endurgreiðslur vegna kvikmynda og tónlistar.....	24
Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2018 - 2019	25
Endurskoðun – breytingar og umbætur í kjölfar hrunsins	26
Reglur um milliverðlagningu	29
Brussel, skemmtileg og velheppnuð ferð	32
Virðisaukaskattur á þjónustu milli landa – breytingar	36



Ritnefnd FLE. Frá vinstri: Benóní, Ágústa og Herbert. Á myndina vantar Kjartan Arnfinnsson.





Þá mun félagið halda uppi hagsmunagæslu fyrir hönd félagsmanna við eftirlitsaðila og verður það mikilvægt verkefni fyrir félagið í nánustu framtíð

AF STJÓRNARBORÐI

H. Ágúst Jóhannesson er formaður FLE

Stjórn hittist reglulega og voru haldnir 10 stjórnarfundir á liðnu starfári. Í stjórn sitja auk formanns: varaformaður Bryndís Björk Guðjónsdóttir; Anna Kristín Traustadóttir gjaldkeri; Sif Einarsdóttir ritari og Guðni Þór Gunnarsson meðstjórnandi, sem gekk úr stjórn eftir þriggja ára setu og tók Arnar Már Jóhannesson sæti hans. Við þökkum Guðna fyrir hans góðu störf í stjórninni. Rekstur félagsins hefur verið hefðbundinn og eins og best verður á kosið miðað við stefnu og umfang. Félagið sinnir margs konar málefnum í þágu félagsmanna, stórum og smáum. Fyrirferðarmest á liðnu ári var vinna og þátttaka félagsins í reglulegum samráðsfundum með ráðuneyti, endurskoðendaráði og fulltrúa FME við gerð nýs frumvarps til laga um endurskoðun og endurskoðendur.

Þó svo að frumvarpið sé byggt á tilskipun Evrópusambandsins, þá voru mörg atriði sem þurfti að aðlagja íslensku umhverfi. Þar var aðkoma félagsins mikilvæg. Undirbúningi frumvarpsins er lokið og var það sett á samráðsgátt ráðuneytanna í september sl. Höfðu aðilar aðeins viku til að koma sínum sjónarmiðum að og þó tímaramminn væri stuttur bárust 10 umsagnir, sem samráðshópurinn fór yfir og aðlagði frumvarpið eftir því sem við átti. Frumvarpið var svo lagt fyrir Alþingi í nóvember og er nú til skoðunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd þingsins. Hagsmunaaðilar hafa skilað inn sínum athugasemdum

til nefndarinnar og var FLE þar á meðal. Efnahags- og viðskiptanefnd hefur ekki ennþá boðað aðila til fundar við hana og er málið því ennþá óafgreitt frá Alþingi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin taki gildi í byrjun árs 2020 og munu þau hafa mikil og mótandi áhrif á starfsumhverfi okkar. Þar má meðal annars nefna að skylduáðild að félaginu verður aflögð, gæðaeftirlit flutt til nýrra eftirlitsaðila og eftirlit með endurmenntun einnig, svo fátt eitt sé nefnt.

Stjórn félagsins hittist á starfsfundi í desember sl. og var efni fundarins hvernig félagið hygðist takast á við nýja tíma með breyttum lögum. Einnig voru kallaðir til formenn allra fastanefnda félagsins til skrafs og ráðagerða um málefnið. Mótun framtíðar félagsins í nýju lagaumhverfi verður að mínu mati stærsta verkefnið á nýju starfsári. Þar er þátttaka félagsmanna mikilvægust og hvet ég ykkur öll til að koma að krafti inn í þá vinnu.

Við gildistöku laganna verður það stórt hlutverk félagsins að miðla reynslu okkar og að aðstoða nýja eftirlitsaðila við að taka yfir verkefni, sem skipta okkur miklu máli. Þá mun félagið halda uppi hagsmunagæslu fyrir hönd félagsmanna við eftirlitsaðila og verður það mikilvægt verkefni fyrir félagið í nánustu framtíð.





Stjórn FLE 2018-2019 frá vinstri: Anna Kristín, Ágúst, Bryndís, Arnar Már og Sif.



FLE veitti styrk úr Rannsókn- og Námsstyrkjasjóði.

Annað stórt hagsmunamál eru tímafrestir við skattskil. Stjórn félagsins mun áfram halda góðum samskiptum við ríkisskattstjóra og funda með honum til gæta hagsmuna félagsmanna. Ljóst er að sífelld styttri skilafrestir eru að gera félagsmönnum erfitt fyrir að standa við skil á réttum tíma. Hugmyndir hafa komið upp hvort hægt sé að minnka skattframtalsformið hjá lögaðilum, þannig að það miði meira við að leiða fram tekjuskattsstofn, en virðisaukaskatts afstemmingum verði komið fyrir með öðrum hætti. Þá þarf jafnframt að skoða hvort félagsmönnum verði gert kleift að dreifa skattskilum lögaðila yfir allt árið eða skil á smærri lögaðilum verði heimiluð lengur fram eftir hausti.

Unnið verður áfram með embættinu að framtíðarskipan þeirra mála og leitað lausna svo við verði unað. Fyrirhugaðir eru frekari fundir með stjórnendum háskóla um tilhögun náms fyrir fag okkar. Við viljum halda góðu sambandi við háskóla-samfélagið til að stuðla að góðri menntun og auka áhuga nemenda á starfi okkar.





Skattadagurinn 2018.

Alþjóðlegt samstarf hefur verið meira og viðburðarríkara en oft áður. Nú hefur undirritaður gengt forsæti Norræna endurskoðunarsambandsins (NRF) í eitt ár og hefur það verið viðburðarríkt. Þar má helst nefna að nýr framkvæmdastjóri tók við um áramótin. Jens Röder sem hefur gegnt stöðunni tæp tíu ár lét af störfum fyrir aldurssakir. Hann kom hér og talaði oft en einu sinni á ráðstefnum hjá okkur á þessu tímabili. Ráðning á nýjum framkvæmdastjóra tók drjúgan tíma og hóf Helene Agélii, sem kemur frá Svíþjóð störf hjá NRF nú í ársbyrjun.

Margrét Pétursdóttir var kosin í stjórn alþjóða endurskoðunarsambandsins, IFAC núna í nóvember til þriggja ára sem fulltrúi NRF. Það er stór áfangi og heiður fyrir félagið okkar að eiga í fyrsta skipti fulltrúa í stjórn IFAC. Þá mun NRF eignast fulltrúa í alþjóðlega staðlaráðinu, Norðmanninn Kai

Morten Hagen. Það mun styrkja okkur í að sækja áfram fram með endurskoðun minni og meðalstórra félaga. Einnig er má geta þess að á aðalfundi Accountancy Europe (áður FEE) í desember síðast liðnum þá hlaut Nina Rafen kosningu sem fulltrúi NRF, en hún er fyrrverandi formaður Norska endurskoðendasambandsins (DnR).

Okkur hefur tekist að gera okkur gildandi innan NRF og þar gengur samstarfið vel, sem gerir okkur ennþá sterkari í alþjóðlegu umhverfi með nánú samstarfi með frændum okkar á hinum Norðurlöndunum. Við fórum í velheppnaða ferð til Brussel í lok september, sem var blanda af skemmtun, fróðleik og alvöru. Er það samdóma álit fólks að ferðin hafi tekist vel í alla staði. Allir höfðu gaman og gagn af og þar sýndi sig vel hvað kraftur og samheldni félagsmanna getur verið mikil þegar við komum saman.

Eins og áður hefur fjöldi félagsmanna komið að starfsemi FLE með einum eða öðrum hætti í fastanefndum, stjórnnum eða öðrum vinnuhópum og tekið þátt í að gera félagið að því sem það er í dag. Vill stjórn þakka öllum þessum aðilum fyrir framlag þeirra á starfsárinu. Þá vill stjórn einnig færa starfsmönnum félagsins þeim Sigurði og Hrafnhildi bestu þakkar fyrir gott samstarf á árinu sem og undanfarin ár. Að lokum vil ég þakka meðstjórnarmönnum fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu og hlakka ég til að takast á við krefjandi verkefni á komandi starfsári.

H. Ágúst Jóhannesson



Formaður tekur á móti nýjum félagsmönnum.



Á síðastliðnum 6 árum hefur fjöldi félagsmanna nánast staðið í stað eða líðlega 380 endurskoðendur, þrátt fyrir að á sama tímabili hafi útskrifast um 50 endurskoðendur

PUNKTAR ÚR STARFSEMI FLE

Sigurður B. Arnþórsson er framkvæmdastjóri FLE

VIÐBURÐIR

Félagið stóð fyrir samtals 19 viðburðum á starfsárinu sem gáfu um 50 endurmenntunareiningar. Árið á undan stóð félagið aftur á móti fyrir 22 viðburðum sem veittu 45 endurmenntunareiningar. Heildarmæting á þessa viðburði var tæplega 1200 manns samanborið við rúmlega 1300 árið áður. Á síðast liðnum fimm árum hefur félagið staðið fyrir á bilinu 19-25 viðburðum árlega. Árlegar endurmenntunareiningar hafa aftur á móti verið á svipuðum nótum á þessu fimm ára tímabili, eða í kringum 50 einingar. Árleg mæting hefur aftur á móti farið minnkandi á þessu árabili

eða frá um 1.500 niður í tæplega 1.200 á liðnu starfsári, eins og áður segir. Að stærstum hluta skýrist þessi fækkun á niðurfellingu hádegisverðafundanna fyrir um 2 árum síðan.

Námskeið, fræðslufundir og aðrir atburðir voru nánast með sömu mætingu og árið áður. Þar skoruðu hæst námskeið um ný persónuverndarlög og áhrif þeirra á störf endurskoðenda. Haldin voru fjögur morgunkorn og var mætingin örlítið minni en árið áður. Það morgunkorn sem vakti hvað mestan áhuga félagsmanna bar yfirskriftina „Tæknileg tímamót“ þar sem fjallað var



Hádegisfundum fer fækkandi.





Endurskoðunardagur.

um fjórðu iðnbyltinguna með mjög svo myndrænum og áhuga-verðum hætti.

Heildarmætingin á þær fjórar ráðstefnur sem félagið stendur vanalega fyrir var nánast sú sama og árið áður eða um 630 gestir. Að vanda voru mörg áhugaverð og fræðandi efni tekin til meðferðar sem ekki er ástæða til að telja upp hér og nú, en ef ég ætti að nefna eitt eða tvö atriði þá var vinnustofan um Erfðamál á síðustu Haustráðstefnu mjög vinsæl og einnig var erindi um „Smart Government“ eða snjallstjórnsýslu flutt á Skattadeginum mjög áhugavert. Fjöldmennasti atburðurinn á liðnu starfsári var Skattadagurinn þar sem mættu um 190 manns til að hlýða á boðskapinn og má gera ráð fyrir að nærvera nýs Fjármálaráðherra og ekki síst erindi Ríkisskattstjóra sem reyndar er í dag fyrrverandi hafi haft sitt að segja um þátttöku.

Gleðistund FLE var haldin í fimmta sinn haustið 2018. Fyrirkomulag þetta í upphafi starfsárs félagsins hefur mælst vel fyrir þar sem félagsmenn hafa gert sér glaðan dag með léttum veitingum í boði félagsins. Ungliðanefnd félagsins sem sett var á laggirnar af þessu tilefni á sínum tíma á miklar þakkir og hrós skilið fyrir alla sína vinnu og skipulag í kringum Gleðistundina.

NEFNDARSTÖRF

Að venju eru fastanefndir félagsins mikilvægur hlekkur í starfsemi og bera oft hitann og þungann af ákveðnum málefnum. Fyrir utan hefðbundin störf Reikningsskilanefndarinnar þá átti nefndin samtöl og fundi með Reikningsskilaráði sem tók til starfa á síðast liðnu ári eftir að hafa legið í dvala um árabíl. Samkvæmt lögum um ársreikninga ber ráðinu að eiga samráð við félagið um þau ýmsu mál er lúta að reikningsskilum og hafa verið lagðar línur í þeim efnum. Í því sambandi má nefna að nefndin tók upp við Reikningsskilaráð áhersluatriði eftirlits Ársreikningaskrár og þær athugasemdir sem félagsmenn höfðu við þau. Óskað var eftir því að ráðið fylgdi þeim atriðum eftir og þeirri skoðun komið á framfæri að í framtíðinni ætti

Reikningsskilaráð að gera sig meira gildandi og koma á framfæri sinni skoðun á hinum ýmsu álitamálum reikningsskila frekar en að túlkun Ársreikningaskrár réði ferðinni.

Störf Endurskoðunarnefndarinnar voru með hefðbundnum hætti á liðnu starfsári. Einna helst má þó nefna að nefndin fylgdist með framvindu mála við innleiðingu Evróputilskipunarinnar hér á landi enda var leitast við að upplýsa nefndarmenn eftir því sem málin tóku á sig mynd hjá vinnuhóp ráðuneytisins.

Fyrir utan hefðbundin störf Skattanefndarinnar þá má segja að frestir lögaðila og áherslubreytingar Ríkisskattstjóra í þeim efnum hafi tekið mestan tíma nefndarinnar. Fundað var með fulltrúum Ríkisskattstjóra og þeim gerð grein fyrir að það væri farið að fjúka í flest skjól hvað varðar verulega skerðingu á skilafresti lögaðila. Gera má ráð fyrir að skilafrestir verði eitt aðalmálið á borði nefndarinnar á komandi starfsári sem og stjórnarinnar.

Störf Gæðanefndar hafa verið í föstum skorðum undan farin ár og hafa aðallega tengst yfirferð Gæðaeftirlitsskýrslna, en lögbundið gæðaeftirlit með störfum okkar er undir yfirstjórn Endurskoðendaráðs. Í ljósi fyrirliggjandi frumvarps má aftur á móti gera ráð fyrir að eftirlitshlutverki nefndarinnar ljúki á árinu 2019.

Eins og komið hefur fram áður og jafnframt er getið í Ársskýrslu FLE starfsárið 2017-2018 þá hefur Menntunarnefndin mótað sér ákveðna stefnu sem markast af þremur megin áherslum: skólaumhverfinu; löggildingarferlinu og endurmenntun félagsmanna. Í því samhengi má nefna að nefndin átti fund með forsvarsmönnum Háskólans í Reykjavík vegna fyrirhugaðs meistaranáms í reikningsskilum og endurskoðun. Áfram verður unnið út frá þessum þremur megin áherslum og í þeim efnum verður m.a. horft til þeirra breytinga sem væntanlegar eru í nýjum lögum um störf endurskoðenda.

STAÐA STÉTTARINNAR

Mörg undanfarin ár hefur mér verið tíðrætt um þróun mála hvað varðar fjölgun og endurnýjun í stéttinni. Á síðastliðnum 6 árum hefur fjöldi félagsmanna nánast staðið í stað eða liðlega 380 endurskoðendur, þrátt fyrir að á sama tímabili hafi útskrifast um 50 endurskoðendur. Þegar best lét á þessu 6 ára tímabili þá störfuðu um 260 þeirra hjá endurskoðunarfyrtæki en er nú komið niður í 239 á liðnu starfsári sem er það lægsta sem við höfum séð á umræddu tímabili.

Ef við skoðum nánar þessa 239 sem störfuðu hjá endurskoðunarfyrtæki í lok ágúst síðast liðinn kemur í ljós að 55 þeirra eða 23% eru eldri en 60 ára og það sem meira er, að um 2/3 þeirra er 65 ára eða eldri. Það liggur því nokkuð ljóst fyrir að ef ekki verður frekari fjölgun í stéttinni umfram það sem hefur verið undanfarin 6 ár að þá mun fækka í hópi þeirra sem starfa við endurskoðun á komandi árum. Menn geta svo spurt sig hvort það sé bara ekki allt í lagi, við höfum þá alla vega nóg að gera og aukin tæknivæðing í störfum okkar sem boðuð er hljóti að hjálpa okkur sem eftir sitjum.

Mín skoðun er aftur á móti sú að til framtíðar verði aukin eftirspurn eftir okkar verðmætu reynslu og menntun til annarra starfa en hefðbundinnar endurskoðunar og því sé það umhugsunarefni fyrir félagið og okkur öll með hvaða hætti við getum laðað til okkar ungt og efnilegt fólk til starfa sem endurskoðendur.

MIKILVÆGUSTU MÁLEFNIN

Það má segja að á liðnu starfsári þá hafi þrjú málefni borið einna hæst fyrir utan venjubundin verkefni og tekið mikinn tíma á vettvangi félagsins en þau eru:

- Innleiðing Evróputilskipunar í endurskoðun
- Innleiðingu persónuverndarstefnu FLE á grundvelli laga um persónuvernd nr. 90/2018
- Ferð félagsmanna til Brussel

Innleiðing Evróputilskipunar um endurskoðun hefur verið til skoðunar allt frá því á árinu 2014 þegar Atvinnuvegaráðuneytið óskaði eftir því við félagið að það tæki þátt í vinnuhóp sem hefði það að markmiði að móta ný lög um endurskoðun og endurskoðendur. Á sama ári skipaði stjórn félagsins ráðgjafahóp sem var ætlað að móta helstu áhersluatriði félagsins og vera til halds og trausts fyrir félagið. Vinna hópsins sem ráðuneytið skipaði hefur tekið mun lengri tíma en nokkrum gat óráð fyrir og má segja að tíðar kosningar á síðast liðnum 4 árum og tilheyrandi áhrif þeirra á ráðuneytið hafi ekki bætt úr skák. En frumvarp liggur nú loksins fyrir og töluverðar breytingar á starfsumhverfi framundan, jafnvel meiri en við höfum séð í langan tíma og munu hafa mikil áhrif á störf okkar og ekki síður hlutverk félagsins til framtíðar.

Unnið hefur verið að Persónuverndarstefnu FLE á starfsárinu. Félagið leitaði til sérfræðinga á þessu sviði til að uppfylla ákvæði laga sem og í þeim tilgangi að stefna FLE í formi persónuverndaryfirlýsingar lægi fyrir og væri öllum kunnug. Þar kemur m.a. fram hvernig félagið vistar upplýsingar, hvaða upplýsingum við þurfum, í hvaða tilgangi sem og öryggi persónuupplýsinga og síðast en ekki síst hvaða réttindi félagsmaður á varðandi þessar upplýsingar. Vinna þessi er á lokastigum og gerum við ráð fyrir að kynna stefnuna nánar fyrir félagsmönnum í byrjun árs. Þá ber þess að geta að vinna og framsetning stefnunnar hefur tekið mið af því að einstaka endurskoðunarfyrtæki gætu nýtt sér þá vinnu í framhaldinu með því að yfirfæra stefnu félagsins og aðlaga að sínu fyrirtæki til að uppfylla ákvæði laganna.

BRUSSEL FERÐ

Ferð á vegum félagsins var farin til Brussel í lok september og ekki hægt að segja annað en að hún að hafa tekist með eindæmum vel. En að baki slíkri ferð liggur mikil undirbúningsvinna og nær hún alveg aftur til vorsins 2015 þegar stjórnin skipaði ferðanefnd til að kanna áhuga félagsmanna fyrir utanlandsferð og hvert skyldi halda. Gerð var könnun þá um vorið og settir upp valkostir þar sem Brussel hafði vinninginn. Var þá unnið út frá því og



Fyrirlestur í Brussel.





Framkvæmdastjórinn á vaktinni.

Í samráði við endurskoðunarfyrirtækin til að finna rétta tímasetningu. Niðurstaðan varð haustið 2018 og var þá hafist handa við frekari undirbúning. Aðalvinnan átti sér svo stað á liðnu starfsári og fór í það drjúgur tími. Þeir einstaklingar sem sátu með okkur í ferðanefndinni eiga þakkir skyldar því án aðkomu þeirra og stuðnings hefði ferðin ekki orðið að veruleika.

ERLENT SAMSTARF

Þar ber einna hæst framkvæmdastjórnarskipti hjá NRF þar sem Jens Röder stígur til hliðar eftir 10 ára farsælt starf og við tekur Helene Agéllí sem mun hafa aðstöðu hjá sænska endurskoðunarsambandinu. En stóru tíðindin og það sem gleður okkur sérstaklega og fyllir okkar litla félag miklu stolti er að Margrét Pétursdóttir fyrrverandi formaður FLE skuli hafa verið tilnefnd af valnefnd IFAC, Alþjóðasambands endurskoðenda til aðalfundar samtakanna og hefur nú tekið sæti í aðalstjórn IFAC sem fulltrúi NRF. Þetta sýnir okkur í hnotskurn hverju við getum áorkað með því að vera virk í norrænu sem og alþjóðlegu samstarfi. Rödd okkar heyrir og við erum sannfærð um að Margrét mun láta gott af sér leiða og halda á lofti sjónarmiðum litla mannsins hvort heldur litið sé til „litlu“ endurskoðunarfyrirtækjanna á Íslandi sem þau eru nú öll í hinu stóra samhengi sem og síaukinna krafna hvað varðar endurskoðun óháð umfangi verkefna. Margrétu óskum við farsældar á þessum nýja og krefjandi vettvangi.

Þá fær fráfarandi stjórn og nefndir þakklæti fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári svo og þið félagsmenn góðir að hafa tekið þátt í þeim viðburðum sem félagið hefur staðið fyrir á liðnu starfsári.

Sigurður B. Arnþórsson

NÝIR FÉLAGAR 2019

Félaginu bárust þær ótrúlegu fréttir að tíu nýir löggiltir endurskoðendur væru að bætast við hópinn. Eins og vanalega ríkir töluverð spenna þegar von er á niðurstöðum úr löggildingarprófinu og þannig var það líka núna. Þrettán voru skráðir í prófið og er það fáheyrt að svona margir standist það eins og gerðist þessu sinni. Að þessu sinni eru mun fleiri karlar en konur sem ljúka prófinu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið veitti löggildinguna formlega þann 16. janúar 2019. Til hamingju með þetta öll og velkomin í félagið.



Agnar Páll Ingólfsson,
Endurskoðun og ráðgjöf



Alda Björk Óskarsdóttir,
Grant Thornton



Berglind Klara Danielsdóttir,
Deloitte



Birta Mogensen,
Deloitte



Gísli Páll Baldvinsson,
KPMG



Hörður Freyr Valbjörnsson,
KPMG



Kristbjörn H. Gunnarsson,
KPMG



Kristján Daðason,
Deloitte



Mikael Simonarson,
Deloitte



Svavar Stefánsson,
Enor



Ófjárhagslegir þættir sem hluti af framtíðar stefnumótun geta skipt sköpum um möguleg ný markaðstækifæri, nýsköpun og verðmætasköpun

ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF

Helga Harðardóttir meðeigandi hjá KPMG ehf. og
Viktoría Valdimarsdóttir meðeigandi Ábyrga Lausna ehf.
KPMG og Ábyrgar Lausnir eru í samstarfi
við að veita þjónustu um sjálfbærni.

Áherslur og upplýsingagjöf fyrirtækja hafa breyst með innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga, breyttum áherslum í stjórnarháttum sem og væntingum hagaðila. Í ársskýrslum fyrirtækja eða í sérstökum samfélagsskýrslum er nú í ríkara mæli fjallað um þætti er lúta að umhverfi, samfélagi, stjórnarháttum og viðskiptalíkani.

Félög eru undir vökulum augum fjárfesta og annarra, ekki aðeins um það hvernig félögum hefur vegnað rekstrarlega heldur einnig hvernig og hverju þau hafa áorkað til samfélagsins og hvort þau hafa lágmarkað neikvæð áhrif á umhverfið. Hefðbundin skýrslugjöf um fjárhagslega þætti uppfyllir ekki lengur þarfir notenda.

FORSAGA KRAFNA UM BIRTINGU ÓFJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA

Í tilskipun Evrópusambandsins 2013/34/EU um ársreikninga, samstæðureikninga og tengdar skýrslur félaga¹ er fjallað um kröfur um ófjárhagslegar upplýsingar. Þar segir m.a. að í skýrslu stjórnar eigi ekki aðeins að fjalla um fjárhagslegar upplýsingar heldur eigi einnig að vera greining á umhverfis- og samfélagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru fyrir félagið til að dafna og þróast.

Með tilskipun 2014/95/EU², sem er uppfærsla á áðurnefndri tilskipun, eru settar fram kröfur um aðra ófjárhagslega upplýsingagjöf sem felast í birtingu upplýsinga um áhrif starfseminnar á samfélags- og umhverfisþætti.

1. „e: on the annual financial statements, consolidated financial statements and related report of certain types of undertakings“

2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32014L0095> <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32014L0095> 7 e. amending Directive 2013/34/EU as regards disclosure of non-financial and diversity information by certain large undertakings and groups



Sú tilskipun var grunnur að breytingum á lögum um ársreikninga er varðar samræmda og samfellda skýrslugjöf um umhverfismál, samfélagslega ábyrgð og stjórnarhætti (e. Environmental, Social and Governance issues - ESG). Sambandið telur að þessi tilskipun hafi bein áhrif á um 6.000 skráð félög í Evrópu.

ÍSLENSKAR KRÖFUR OG INNLEIÐING TILSKIPUNAR

Í framhaldi af tilskipun 2014/95/EU var 66. gr. d innleidd í lög um ársreikninga árið 2016 og hljóðar svo³;

„Félag sem fellur undir 9. tölul. og d-lið 11. tölul. 2. gr. og móðurfélög stórra samstæðna skulu láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið skal enn fremur innihalda eftirfarandi:

- stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins,
- lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt þessari grein, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleika-könnunarferli félagið framfylgir,
- yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins í málum samkvæmt þessari grein,
- lýsingu á megináhættum sem tengjast þessum málum í rekstri félagsins, þ.m.t., eftir því sem við á og í réttu hlutfalli, um viðskiptatengsl þess, vörur eða þjónustu, sem líkleg eru til að hafa skaðleg áhrif á þessum sviðum, og hvernig félagið tekst á við þá áhættu, og
- ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Ef félagið hefur ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt þessari grein skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu.

Í yfirlitinu skv. 1. mgr. skulu einnig, þar sem við á, koma fram frekari skýringar varðandi upphæðir sem greint er frá í ársreikningi.

Þegar félag sem um ræðir í 1. mgr. gerir samstæðureikning er nægilegt að upplýsingar skv. 1.–2. mgr. nái eingöngu til samstæðunnar.

Dótturfélag er undanþegið upplýsingagjöf skv. 1.–3. mgr. ef 4. mgr. á við.”

Ljóst er að ýtarlegar kröfur eru gerðar um upplýsingar samkvæmt lagaákvæðinu. Í fyrsta málsliðnum eru það raunar 12 atriði sem fjalla á um en þau eru;

Í b. lið segir að gefa eigi lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt greininni ásamt lýsingu á því áreiðanleika-könnunarferli sem félagið fylgir. Þau mál sem nefnd eru í greininni eru;

	Þróun	Umfang	Staða	Áhrif
Umhverfismál	v	v	v	v
Félagsmál	v	v	v	v
Starfsmannamál	v	v	v	v

- umhverfismál
- félagsmál
- starfsmannamál
- mannréttindamál
- spillingarmál
- mútumál

Í c. og d. lið er kveðið á um að veita eigi upplýsingar um árangur ofangreindra stefna ásamt lýsingu á megináhættum tengdum ofangreindum málum. Samandregið má gera ráð fyrir að veita þurfi upplýsingar um alls 24 atriði, sem sjá má í eftirfarandi töflu;

	Lýsing á stefnu	Lýsing á áreiðanleika-könnun	Árangur	Megináhættur
Umhverfismál	v	v	v	v
Félagsmál	v	v	v	v
Starfsmannamál	v	v	v	v
Mannréttindamál	v	v	v	v
Spillingarmál	v	v	v	v
Mútumál	v	v	v	v

Einnig ber að gera stutta lýsingu á viðskiptalíkani og veita upplýsingar um ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir félagið.

Ljóst er að upplýsingagjöf getur verið yfirgripsmikil og því er mikilvægt að stjórnendur móti skýra stefnu varðandi sjálfbærni.

HVAÐA FÉLÖGUM BER AÐ BIRTA ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Félög sem eru skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum samkvæmt 9. tl. 2. gr. ársreikningalaga⁴ og móðurfélög⁵ ef samstæða við uppgjörsdag fer yfir mörkin á a.m.k. tveimur af þremur eftirfarandi viðmiðunum:

- heildareignum: 3.000.000.000 kr.
- hreinni veltu: 6.000.000.000 kr.
- meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu: 250

3. <https://www.althingi.is/lagas/148c/2006003.html>

4. <https://www.althingi.is/lagas/148c/2006003.html>

5. <https://www.althingi.is/lagas/148c/2006003.html> d liður, 11. tl. 2. gr.



FRAMSETNING ÓFJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA OG SKÝRSLUGERÐ

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um framsetningu á ófjárhagslegum upplýsingum í skýrslu⁶ frá árinu 2017. Markmiðið með útgáfunni er að hjálpa félögum við að birta vandaðar, viðeigandi, gagnlegar, samkvæmar og samanburðahæfar ófjárhagslegar upplýsingar með gegnsæi í huga. Leiðbeiningarnar nýtast sem bestu starfsvenjur (e. best practice) bæði fyrir félög sem falla undir skylduna um að veita ófjárhagslegar upplýsingar svo og önnur félög.

Samkvæmt leiðbeiningunum ber að taka tilliti til lykilþátta sem gefa glögga mynd af starfsemi fyrirtækisins. Í leiðbeinandi framsetningu á upplýsingagjöf eru m.a. eftirfarandi atriði;

- allar mikilvægar upplýsingar og mælikvarðar/árangursvísar (e. KPIs) komi fram
- upplýsingar gefi glögga mynd og séu hlutlausar
- skiljanleg og sanngjörn framsetning og hún sé í jafnvægi
- yfirgripsmiklar en hnitmiðaðar upplýsingar
- stefnumótandi og birta framtíðarsýn
- sniðnar að þörfum hagaðila
- samkvæmni gætt
- viðskiptalíkan fyrirtækisins
- stefnur og umboðsskylda

Í tilskipun Evrópusambandsins er bent á nokkur viðmið sem hægt er að styðjast við en í leiðbeiningunum sem gefnar voru út í framhaldi af tilskipuninni eru talin upp rúmlega 20 viðurkennd viðmið sem gætu nýst við ófjárhagslega upplýsingagjöf. Sum viðmið ná yfir fjölbreytta og þematengda þætti (e. thematic aspects) á meðan önnur viðmið tengjast ákveðnum atvinnugreinum og geirum.

Þó að viðmið séu notuð þá er mikilvægt að greina helstu ófjárhagslegu árangursvísa (e. KPI's) til að skilja áhrif allra þátta af starfsemi fyrirtækis.

Félög hafa verið hvött til að veita meiri upplýsingar en minni. Hugtakið „CORE & MORE“ hefur verið notað af þessu tilefni og í því felst að félög eru hvött til að útbúa skýrslur af metnaði sem eru fyrir stærri hópa notenda frekar en minni. Svokölluð „Core-skýrsla“ væri skýrsla sem birti helstu niðurstöður og væri í samræmi við lög og reglur. More-skýrsla innhéldi nánari upplýsingar um félagið sem þá næði til breiðari hóps notenda.

NIÐURSTÖÐUR SKOÐUNAR ÁRSREIKNINGASKRÁR UM BIRTINGU ÓFJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA Í REIKNINGSSKILUM

Nú hafa félög sem falla undir kröfuna um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga birt ársreikninga vegna árána 2016 og 2017.

Á árinu 2018 kannaði ársreikningaskrá framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga í reikningsskilum vegna ársins 2016. Á haustráðstefnu FLE nú í haust kom fram í máli starfsmanns ársreikningaskrár að niðurstaða skoðunarinnar var á þá leið að verulegra úrbóta væri þörf.

Það verður því eitt af áhersluatriðum ársreikningaskrár að fylgjast sérstaklega með hvort upplýsingar í ársreikningum 2018 uppfylli kröfur sem gerðar eru um ófjárhagslegar upplýsingar. Þeim ársreikningum sem ekki uppfylla kröfur kann að verða hafnað.

HLUTVERK ENDURSKOÐENDA

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins er það hlutverk endurskoðenda að kanna hvort yfirlitið yfir ófjárhagslegar upplýsingar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. Það sama gildir um upplýsingar sem snúa að stjórnarháttum en þær hafa verið birtar í stjórnarháttayfirlýsingu með ársreikningi.

Því er mikilvægt að endurskoðandi leggi sjálfstætt mat á hvaða ófjárhagslegar upplýsingar eru viðeigandi fyrir félagið og beri að birta samkvæmt lögum.

MARKMIÐ OG HAGUR

Þegar litið er til álitalegra fjárfestingakosta eru vaxandi kröfur um að ófjárhagslegir þættir í rekstri séu greindir, mældir og upplýst um þá. Með innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins er enginn vafi á því að ákveðnum fyrirtækjum ber að upplýsa á skýran og mælanlegan hátt um helstu þætti í rekstri sem tengjast öllum þáttum sjálfbærni, þ.e. efnahag, umhverfi, samfélagi og stjórnarháttum.

Markmiðið með þessu öllu er að veita upplýsingar um það sem sannanlega skiptir máli. Evrópusambandið telur samfélagsábyrgð fyrirtækja mikilvæga fyrir sjálfbærni, samkeppnishæfni og nýsköpun og fyrir evrópskt efnahagslíf. Hún bæti m.a. áhættustýringu, leiði til sparnaðar í kostnaði, auðveldi aðgang að fjármagni, bæti samskipti við viðskiptavinum og auðveldi mannauðsstjórnun.

Ófjárhagslegir þættir sem hluti af framtíðar stefnumótun geta skipt sköpum um möguleg ný markaðstækifæri, nýsköpun og verðmætasköpun. Glögg og mælanleg mynd af ófjárhagslegum þáttum getur m.a. leitt til betri stjórnunar á áhættu, orðspori, vörubrúun, jafnréttismálum, mannréttindamálum og gæðastjórnun.

Við látum orð Paul Polmans, forstjóra Unilever 2009-2018, verða lokaorðin í þessari umfjöllun, en Paul er einn af talsmönnum Heimsmarkmiðanna, stjórnarformaður alþjóðaviðskiptaráðsins og varaformaður UN Global Compact.

„This is a great time for brands which can provide a beacon of trust for consumers. These days, CEOs don't just get judged by how well their share prices are doing, but by what impact they are having on society.”

Helga Harðardóttir og Viktoría Valdimarsdóttir





BEPS aðgerðaráætlunin hefur haft gríðarlega mikil áhrif á alþjóðlegan skattarétt. Í raun er rétt að tala um ástandið fyrir og eftir BEPS

ÞRÓUN Á VETTVANGI ALÞJÓÐLEGS SKATTARÉTTAR

Vilmar Freyr Sævarsson og Ágúst Karl Guðmundsson
eru skattalögfræðingar hjá KPMG

Í þessari grein er ætlunin að gera lauslega grein fyrir þeirri þróun sem hefur átt sér stað á síðustu árum á vettvangi alþjóðlegs skattaréttar og hver staðan er á Íslandi. Reglur alþjóðlegs skattaréttar koma oftast við sögu heldur en margir gera sér grein fyrir. Segja má að á þær reyni, með einum eða öðrum hætti, í hvert sinn sem viðskipti eiga sér stað yfir landamæri.

HÆTTA Á TVÍSKÖTTUN EN MÖGULEIKI Á ENGUM SKÖTTUM

Flest ríki heimsins leggja á tekjuskatt á tveimur grunnforsendum. Annars vegar að móttakandi tekna sé varanlega innan þeirra landamæra, vegna búsetu, skráningar eða af öðrum ástæðum (heimilisfestarreglan). Hins vegar að tekjur hafi myndast eða eigi uppruna sinn innan landamæra þeirra (upprunareglan). Þessar tvær mismunandi reglur leiða oft til þess að tvö, eða jafnvel fleiri ríki, gera tilkall til skattlagningar þegar viðskipti eiga sér stað yfir landamæri, annað á grundvelli heimilisfestar en hitt á grundvelli uppruna. Það getur haft tvísköttun

í för með sér nema til staðar sé samningur milli ríkjanna um afléttingu tvísköttunar eða þá að heimilisfestarríki aflétti tvísköttun einhliða (líkt og Ísland gerir).

Viðskipti yfir landamæri leiða ekki alltaf til aukinnar skattbyrði. Samspil landslaga tveggja (eða fleiri) ríkja og tvísköttunar-samninga hafa oft að geyma glufur sem geta leitt til þess að enginn skattur fellur til af hagnaði viðskipta. OECD hafði lengi barist fyrir samræmdum aðgerðum til að koma í veg fyrir hagnýtingu á slíkum skattalegum glufum en varð ekki ágengt fyrir en nýlega.

HVERS VEGNA VAR EKKI GRIPIÐ TIL AÐGERÐA FYRR?

Sú spurning hlýtur að vakna hvers vegna ekki var gripið til aðgerða fyrr? Ástæðan er sú að ekki var samhugur milli ríkja enda eru þau með misjafna stefnu í skattamálum eftir því hvers konar efnahag þau hafa. Sem dæmi er Þýskaland fram-

leiðsluríki með breiða skattstofna sem það vill verja með ströngum reglum á meðan ríki með minni efnahag vilja laða að erlent fjármagn með hagstæðum skattareglum. Í gegnum tíðina hefur samkeppni ríkja um fjármagn verið hörð og mörg ríki hafa gengið langt í að bjóða veglegar ívilnanir til þess að laða að fjármagn. Það er því óhætt að benda á ríkin sjálf sem sökuðólga alþjóðlegrar (grófrar) skattskipulagningar.

Það athugist að hér eru notuð orðin alþjóðleg skattskipulagning en ekki orðið skattasniðganga. Almenn er talað um skattasniðgöngu þegar landslög eru misnotuð í þeim tilgangi að komast hjá eða lágmarka skatta, þ.e. ráðstafanir eru innan orðalags laganna en ekki í samræmi við markmið og tilgang þeirra. Alþjóðleg skattskipulagning felur hins vegar almennt ekki í sér skattasniðgöngu þar sem ráðstafanir eru almennt innan ramma og tilgangs laganna. Skipulagningin felst í að nýta mismunandi löggjöf ríkja og takmarkanir í tvísköttunarsamningum til að lágmarka skattgreiðslur.

AÐDRAGANDI BREYTINGANNA

Í hörðu samkeppnisumhverfi um fjármagn var erfitt fyrir eitt ríki að stíga fram og boða harða skattastefnu, þó mörg ríki, einkum með breiða skattstofna, hafi verið með þannig stefnu. Í fyrsta lagi myndi það einungis laga lítinn hluta vandans og í öðru lagi myndi það skerða samkeppnishæfni ríkisins um fjármagn. Eina leiðin til þess að taka á vandanum var á sameiginlegum vettvangi með samhentu átaki sem flestra ríkja.

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008, uppljóstrana um grófa skattskipulagningu og falið fé í skattaparadísunum myndaðist þrýstingur frá almenningi um aðgerðir. Á árinu 2013 fékkst loks stuðningur til aðgerða frá stærstu iðnríkjum heimsins (G20) og var OECD falið að útbúa aðgerðaráætlun innan tveggja ára. Margir höfðu efasemdir um takast myndi að klára svo umfangsmikið verkefni á aðeins tveimur árum. OECD hafði hins vegar lengi beðið eftir þessu tækifæri og lét það ekki renna sér úr greipum og skilaði af sér ítarlegri aðgerðaráætlun á árinu 2015. Um er að ræða umfangsmestu breytingar á leikreglum alþjóðlegs skattaréttar fyrr og síðar.

BEPS AÐGERÐARÁÆTLUNIN OG STAÐAN HÉR Á LANDI

BEPS stendur fyrir Base Erosion and Profit Shifting sem mætti þýða sem „skerðing skattstofna og tilfærsla hagnaðar“. Aðgerðaráætlunin skiptist í 15 aðgerðir sem hver og ein snýr að afmörkuðu viðfangsefni. Sumar aðgerðir fela í sér lágmarkskröfur sem ríkjum er skylt að innleiða, aðrar fela í sér breytingar á alþjóðlegum stöðlum OECD¹ enn aðrar fela einungis í sér tilmæli til aðildarríkjanna. Aðgerðirnar má flokka í fernt eftir markmiði þeirra sem verður gert að umfjöllunarefni næstu kafla. Þar verður farið lauslega yfir helstu aðgerðir og stöðu þeirra hér á landi.

SAMRÆMI LANDSLAGA

Markmið aðgerðanna er að samræma landslög þannig að lokað verði fyrir glufur.

Aðgerð 2 felur í sér tilmæli sem snúa að svokölluðum blendings samningum sem ríki skilgreina oft með mismunandi hætti. Sem dæmi um þetta eru samningar sem hafa bæði einkenni láns og eiginfjár. Slíkir samningar geta leitt til frádráttarbærra (vaxta) gjalda í ríki sem lítur á þá sem lán á meðan annað ríki sér hlutafé og þar með greiðslur af þeim sem arð sem almennt er ekki skattlagður hjá félagi. Tilmælin snúa að því að setja í landslög reglu sem hafnar frádrætti, ef mótríkið skattleggur ekki tekjurnar eða að skattleggja tekjurnar ef mótríkið veitir frádrátt. Ísland hefur ekki innleitt slíkar reglur.

Aðgerð 3 felur í sér tilmæli um innleiðingu CFC reglna í samræmi við leiðbeiningar þar um. CFC reglur kveða á um skattlagningu hagnaðar lögaðila í lágsfattaríki sem eru undir yfirráðum aðila í öðru ríki. Ísland lögfesti CFC reglur sem tóku gildi á árinu 2010 en nú liggur fyrir frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til nýtt ákvæði sem ætlað er að taka mið af þróun síðustu ára.

Aðgerð 4 felur í sér tilmæli um að ríki taki upp í landslög takmörkun á frádrætti vaxta af lánum innan samstæðna. Er lagt til að frádráttur vaxtagjalda sé takmarkaður við 10-30% af EBITDA félagsins, þó með ákveðnum lágmarksundanþágum. Ísland lögfesti slíka reglu sem tók gildi í ársbyrjun 2017 þar sem vaxtagjöld umfram 30% af EBITDA eru ekki frádráttarbær. Undanþága á við ef vaxtagjöldin eru undir 100 milljónum króna.

MISNOTKUN

Markmið aðgerðanna er að taka á tilteknum tegundum misnotkunar.

Aðgerð 5(1) miðar að því að útrýma skaðlegum skattumhverfum. Beinist hún sérstaklega að ívilnandi reglum um hugverkarréttindi (e. IP regimes) sem ríki kepptust við að setja til að laða fyrirtæki til sín. Voru mörg þeirra tilbúin að falla frá sköttum af framtíðartekjum hugverkarréttindanna án skilyrða um að rannsóknir og þróun færi fram í ríkinu. Aðgerðin mælir fyrir um ramma að reglum sem hafa að geyma hámarksívilnanir sem ríkjum er skylt að fylgja eftir. Ísland hefur ekki þurft að aðhafast enda ekki með slíkar ívilnandi reglur.

Aðgerð 6 snýr að misnotkun á tvísköttunarsamningum. Tvísköttunarsamningar ákvarða rétt upprunals til skattlagningar. Algengt er að upprunaríki hafi engan skattlagningarrétt en heimilisfestaríkið fullan. Það getur síðan verið að síðarnefnt ríki nýti sér ekki skattlagningarréttinn sem leiðir til þess að enginn skattur fellur til. Aðgerðin mælir aðallega fyrir um

1. Einkum fyrirmynd OECD að tvísköttunarsamningum og greinargerð að baki fyrirmyndinni. Einnig leiðbeiningum OECD að milliverðsreglum. Hvort tveggja skiptir verulegu máli þegar kemur að túlkun tvísköttunarsamninga og beitingu milliverðsreglna.



skyldu ríkja til að taka upp í samninga sína sérstaka reglu sem getur komið í veg fyrir að skattaðili fái notið ávinnings af samningi. Ríkin hafa val á milli tveggja reglna að þessu leyti. Ísland valdi að innleiða svokallað megintilgangspróf² en samkvæmt því er ríki ekki bundið af tvísköttunarsamningi ef einn megintilgangurinn með ráðstöfun er að komast yfir skattalegan ávinn- ing sem samningur tekur til.

Aðgerð 7 felur í sér aðgerðir gegn misnotkun á reglum um fasta starfsstöð. Hugtakið föst starfsstöð lýtur að því hvort tenging erlends atvinnurekstrar við landsvæði sé það mikil að stofnast hafi þar til tekjuskattskyldu. Ísland lögfesti skilgrein- ingu á hugtakinu í samræmi við aðgerðina sem tók gildi í árs- byrjun 2017. Ísland uppfærði hins vegar ekki tvísköttunarsamn- inga sína til samræmis.

Aðgerðir 8-10 fela í sér veigamiklar breytingar á leiðbeiningum OECD um milliverðlagningu. Slíkar reglur eru um að ákvarða verð í viðskiptum milli tengdra aðila og má segja að reglurnar séu þungamiðjan í alþjóðlegum skattarétti í dag. Breytingarnar fólust einkum í að aðlaga milliverð að því hvar raunveruleg verð- mætasköpun fer fram. Fyrir breytingarnar var hægt að stjórna þessu í meiri mæli með samningum en eftir breytingarnar er horft framhjá samningum ef þeir endurspeglar ekki raun- veruleikann. Ísland lögfesti sérstakar reglur um milliverðlag- ingu sem tóku gildi 2014 og vísa til leiðbeininga OECD.

GEGNSÆI

Markmið þessara aðgerða er að auka gegnsæi og skipti á upp- lýsingum.

Aðgerð 5(2) skyldar ríki til að veita erlendum skattyfirvöldum aðgang að ívilnandi skattaúrskurðum. Mörg ríki buðu upp á að fá bindandi afstöðu skattyfirvalda til tiltekinna viðskipta og var niðurstaðan oft verulega hagstæð. Ekki er vitað til þess að Ísland hafi þurft að bregðast við þessu.

Aðgerð 12 snýr að því að ríki setji reglur um skyldu til að upp- lýsa um grófa skattskipulagningu. Þannig ber skattaðila eða ráðgjafa að tilkynna um skattskipulagningu sem talin er gróf og nýtir veikleika í skattkerfinu. Ísland hefur ekki aðhafst að þessu leyti.

Aðgerð 13 snýr að reglum um skjölun (ríki-fyrir-ríki skýrsla) á milliverði samstæðna og skiptum skattyfirvalda á upplýsingum þar að lútandi milli ríkja. Ísland hefur lögfest slíka reglu sem tók gildi 2017.

SAMVINNA

Undir þennan flokk falla aðgerðir sem stefnt er að vinna áfram á sameiginlegum vettvangi.

Aðgerð 1 var ein metnaðarfyllsta aðgerðin sem átti að finna lausn á því hvernig hægt væri að skattleggja stafræna efna- hagskerfið. Ekki fannst þó lausn sem samhljómur var um og var aðgerðinni því frestað.

Aðgerð 15 er marghliða samningur. Markmið hans var uppfær- sla tvísköttunarsamninga ríkja til samræmis við þær aðgerðir sem snúa að tvísköttunarsamningum (einkum 6 og 7). Samningurinn er sá fyrsti sinnar tegundar. Ómögulegt hefði reynst að taka upp tvíhliða viðræður um uppfærslu á öllum þeim rúmlega þrjú þúsund tvísköttunarsamningum sem í gildi eru, enda getur tekið mörg ár að klára hvern samning. Samningurinn var undirritaður í júlí 2017, þ.á.m. af Íslandi. Hann hefur þó enn ekki verið fullgiltur af Íslands hálfu. Kemur hann til framkvæmda í byrjun næsta árs frá fullgildingunni.

LOKAORÐ

BEPS aðgerðaráætlunin hefur haft gríðarlega mikil áhrif á alþjóð- legan skattarétt. Í raun er rétt að tala um ástandið fyrir og eftir BEPS. Leikreglur alþjóðlegs skattaréttar hafa verið samræmdar og lokað fyrir glufur og veikleika í kerfinu. Skattyfirvöld hafa fengið fleiri verkfæri til að sporna gegn rýrnun skattstofna og tilfærslu hagnaðar. Á sama tíma hefur upplýsingagjöf til skattyf- irvalda stórauðist og leynd verið aflétt. Þessar umfangsmiklu breytingar hafa þó ekki allar komið að fullu til framkvæmdar en búast má við að það breytist á komandi misserum.

Vilmar Freyr Sævarsson og Ágúst Karl Guðmundsson

2. Á ensku Principle Purpose Test eða PPT.

Ég get samt sagt það strax að það kom mér skemmtilega á óvart að stjórnarmennirnir voru flestir mjög virkir og ekki bara þeir sem koma frá stóru löndunum



Í STJÓRN IFAC

Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi hjá EY og fyrrverandi formaður FLE var kjörin í stjórn IFAC, Alþjóðasambands endurskoðenda, þann 2. nóvember síðastliðinn.

Norræna endurskoðunarsambandið, NRF, stóð að framboði Margrétar og verður hún því fulltrúi Norðurlanda í stjórn IFAC. Kjörtímabilið er þrjú ár og almennt er gert ráð fyrir því að um tvö kjörtímabil verði að ræða. IFAC er alþjóðasamband endurskoðunarstéttarinnar og eiga félög frá fleiri en 130 löndum aðild að sambandinu sem telur um 3 milljónir einstaklinga. Sambandinu var komið á laggirnar árið 1977 og voru stofnfélög 63 frá 51 landi. Núverandi forseti IFAC er Dr. In-Ki Joo frá Suður-Kóreu og er hann nýtekinn við því hlutverki.

Eru einhver ákveðin verkefni eða áherslur sem hefur verið lagt upp með hjá samtökunum á þínu kjörtímabili?

Mér sýnist að eitt verkefni muni skipa stærstan sess hjá samtökunum á næstunni en það er samtal IFAC við svokallaða eftirlitsnefnd eða „Monitoring group“ um framtíð fyrirkomulags við gerð og viðhald alþjóðlegra staðla um endurskoðun. Ég er svona rétt að stíga mín fyrstu skref í þessu og vissi hreinlega ekkert um þessa eftirlitsnefnd en hún var sett á fót í kjölfar margra tilvika þar sem reikningsskilin voru talin hafa brugðist.

Nefndin var stofnuð af ýmsum eftirlitsaðilum¹ og fjármálastofnunum og hefur það hlutverk að hafa yfirsýn með ferli við gerð alþjóðlegra staðla um endurskoðun, alþjóðlegra siðareglna og alþjóðlegra staðla um menntun endurskoðenda með almannahagsmunum að leiðarljósi. Nefndin var stofnuð 2015 og hefur verið að rýna ferlið síðan þá og gaf þann 9. nóvember 2017 út umræðuskjal með fjölmörgum atriðum sem nefndin vill sjá öðruvísi. Síðast þegar ég vissi voru tæplega 200 aðilar búnir að skila umsögn um tillögurnar.

Ég þarf að segja ykkur betur frá þessu síðar, þegar ég hef fengið tækifæri til að kynna mér málið betur, en fljótt á titið sýnist mér að málið verði ansi flókið. Nefndin virðist vilja minnka vægi IFAC hvað varðar gerð staðlanna á meðan IFAC vill halda áfram að hafa áhrif til að geta tryggt vandaða staðla. Vandamálið virðist vera það að eins og er eru það ég og þú og aðrir endurskoðendur sem fjármagna IFAC og þar með gerð staðlanna og nefndin hefur engar hugmyndir um aðra fjármögnun. Svo kemur líka fjármagn til IFAC frá svokölluðu „Forum of Firms“ sem er enn eitt batterið í þessu. Helstu rökin sem nefndin er með fyrir því að fjarlægja IFAC frá staðlasmíðinni eru þau að endurskoðendur geti ekki sjálfir samið staðlana sem þeir eiga að fylgja en ég átta mig ekki alveg á því hverjir aðrir en endurskoðendur væru hæfir til þess.

Stjórn Alþjóðasambandsins er skipuð endurskoðendum frá öllum heimshlutum, hefur þú orðið vör við mismunandi áherslur eða hugðarefni stjórnarmanna eftir því hvaðan þeir koma úr veröldinni?

Þetta er góð spurning og það verður spennandi að sjá hvert svarið við henni verður en þar sem ég hef bara farið á einn stjórnarfund þá veit ég það ekki ennþá. Ég get samt sagt það strax að það kom mér skemmtilega á óvart að stjórnarmennirnir voru flestir mjög virkir og ekki bara þeir sem koma frá stóru löndunum. Nú hefur eitt helsta hugðarefni Norrænu endurskoðunar-samtakanna verið að koma endurskoðun lítilla félaga á dagskrá og það tókst, þannig að það eru greinilega ekki bara stóru löndin sem hafa rödd. Á stjórnarfundinum var líka fulltrúi frá Public Interest Oversight Board (PIOB) sem virtist hafa það hlutverk að fylgjast með umræðunum, ekki efnislega virtist mér, heldur frekar hvernig þær færu fram þ.a. það er mun meira eftirlit með störfum IFAC en ég hafði gert mér grein fyrir.

1. International Organization of Securities Commission, the Basel Committee on Banking Supervision, the European Commission, the Financial Stability Board, the international Association of Insurance Supervisors and the World Bank Group.



Ég velti svolítið fyrir mér hvernig tengsl og verkaskipting er milli IFAC og IAASB, eins varðandi IASB (alþjóða reikningsskilaráðið). Hefur IFAC beina tengingu við þeirra vinnu?

Það er ekki nema von að þú veltir þessu sambandi fyrir þér, þessi tengsl eru einmitt það sem áður nefnd eftirlitsnefnd er að gera athugasemdir við. Það er þannig að IFAC fjármagnar starfsemi IAASB og einnig starfsemi PIOB að mestu og svo er það PIOB sem hefur eftirlit með ferlinu við gerð staðlanna, starfsemi IFAC og einnig tilnefningarferlinu í stjórn IAASB. Það er IFAC sem tilnefni aðila í stjórn IAASB en það er PIOB sem endanlega samþykkir tilnefningarnar. Varðandi IASB og IFAC þá er tenging IFAC við IASB í gegnum IAASB en staðlaráðin tvö rýna vinnu hvors annars og eru í miklu samstarfi með það.

Hvað finnst þér helst brenna á endurskoðendum hérlandis um þessar mundir?

Ég verð eiginlega að fá að nefna þrennt í þessu eða jafnvel fernt. Í fyrsta lagi eru það tækniframfarirnar. Sumir hrósa happi yfir því að vera orðnir gamlir og sleppa við þetta allt saman en aðrir

eru á harðahlaupum í að þróa vinnuaðferðir í átt að sjálfvirkni og notkun tækni við endurskoðun. Í öðru lagi er það innleiðingin á Evrópureglunum í fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um ný lög um endurskoðun og endurskoðendur og þá helst þær auknu kröfur sem er verið að gera til okkar og hvernig standa á undir kostnaði við þær. Eins það hvernig fjölbreytni verður tryggð þannig að einyrkjar og smærri stofur geti áfram sinnt endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum. Þriðja og fjórða atriðið sem ég vil nefna eru nátengd en það eru útboðin og lækkuð verð sem gera það að verkum að afkoma greinarinnar versnar sem aftur minnkar áhuga yngra fólks til starfans.

Það er óhætt að segja að spennandi tímar séu framundan hjá Margréti. Við þökkum henni kærlega fyrir spjallið og hlökkum til að fylgjast með starfi hennar á vettvangi IFAC á næstu misserum.

Viðtal, Kjartan Arnfinnsson endurskoðandi hjá Invicta

TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ - ÁRIÐ 2019

Nafn endurskoðenda	Lífaldur	Fæðingard.
Magnús Mar Vignisson	30	09.09.89
Alda Björk Óskarsdóttir	40	17.07.79
Baldvin Freysteinnsson	40	1.9.1979
Berglind Hákonardóttir	40	25.08.79
Gunnar Gýgjar Guðmundsson	40	12.04.79
Jón Rafn Ragnarsson	40	19.06.79
Kristinn Kristjánsson	40	01.02.79
Samúel Orri Samúelsson	40	02.10.79
Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir	40	30.05.79
Sigríður Soffía Sigurðardóttir	40	19.09.79
Stefán Þórhallur Björnsson	40	12.09.79
Valgerður Kristjánsdóttir	40	03.01.79
Örvar Omrí Ólafsson	40	04.01.79
Anna Þóra Benediktsdóttir	50	18.05.69
Bogi Nils Bogason	50	18.04.69
Jón Sigurður Helgason	50	05.02.69
Kristófer Ómarsson	50	01.06.69
Ólafur Gestsson	50	06.04.69
Ragna Hrund Hjartardóttir	50	21.11.69
Sigrún Guðmundsdóttir	50	11.10.69
Arnar Árnason	60	11.09.59
Benóni Torfi Eggertsson	60	07.01.59
Bjarki Bjarnason	60	11.02.59
Björg Sigurðardóttir	60	17.12.59
Guðmundur Kjartansson	60	29.04.59

Nafn endurskoðenda	Lífaldur	Fæðingard.
Guðrún Torfhildur Gísladóttir	60	10.11.59
Helga Harðardóttir	60	10.10.59
Hilmar A. Alfreðsson	60	12.07.59
Jóhann Unnsteinsson	60	12.02.59
Lárus Finnbogason	60	27.09.59
Margret G. Flóvenz	60	14.08.59
Ómar H. Björnsson	60	17.09.59
Óskar Sverrisson	60	14.05.59
Theodór S. Sigurbergsson	60	06.04.59
Friðbjörn Björnsson	70	06.03.49
Guðmundur E. Kjartansson	70	07.09.49
Guðmundur Hannesson	70	10.08.49
Gunnar Rafn Einarsson	70	12.06.49
Jónatan Ólafsson	70	09.12.49
Karlotta B. Aðalsteinsdóttir	70	11.08.49
Lilja Steinþórsdóttir	70	02.08.49
Pétur Jónsson	70	15.01.49
Rúnar Bjarni Jóhannsson	70	13.11.49
Þorsteinn Haraldsson	70	02.12.49
Guðlaugur R. Jóhannsson	75	25.08.44
Kristinn Gils Sigtryggsson	75	02.02.44
Ragnheiður Pétursdóttir	75	03.05.44
Geir Geirsson	80	04.05.39
Gunnar Sigurðsson	80	25.01.39
Jens Valur Franklín	80	09.12.39





Skerpt verður á kröfum til endurskoðenda, gagnsæi aukið, sem og óhæði þeirra og hlutlægni þeirra í verkefnum sem þeir sinna

NÝ LÖG Í FARVATNINU

FRUMVARP TIL LAGA UM ENDURSKOÐENDUR OG ENDURSKOÐUN

Ragnar Jóhann Jónsson, endurskoðandi hjá Deloitte

Grundvöllur endurskoðunar og endurskoðenda byggir m.a. á trausti, faglegri þekkingu, óhæði, trúnaði og síðast en ekki síst á trúverðugleika. Lesendur og notendur reikningsskila verða að geta treyst þeim upplýsingum sem fram koma í þeim hverju sinni og hlutverk endurskoðenda í þeim efnum er að gefa óháð, hlutlægt og faglegt álit á þeim og gæta þannig m.a. hagsmuna almennings.

Löggjafinn hefur í gegnum tíðina tryggt að þessa sé gætt með lögum um endurskoðendur. Þannig voru fyrstu lögin um endurskoðendur sett hér á landi með lögum nr. 9/1926. Fjórum sinnum frá þeim tíma hafa lögin verið endurbætt og ný samþykkt til að uppfylla og fylgja eftir þróuninni og auknum kröfum hverju sinni. Um er að ræða lög um endurskoðendur nr. 89/1953, nr. 67/1976 og nr. 18/1997 og svo núgildandi lög nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Þær breytingar sem í gegnum tíðina hafa verið gerðar á lögum um endurskoðendur endurspeglar þá þróun sem endurskoðunin hefur tekið á þessari tæpu öld sem liðin er frá fyrstu lögunum um endurskoðendur. Allan þennan tíma hefur verið út frá því gengið að tryggja almannahagsmuni, enda er það hlutverk bæði löggjafans og endurskoðenda, þó með ólíkum hætti sé.

FRUMVARP TIL UMSAGNAR

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra lagði fram drög að frumvarpi til nýrra laga um endurskoðendur og endurskoðun og gerði þau aðgengileg almenningi á samráðsgátt stjórnvalda þann 25. september 2018. Umsagnarfrestur um drögin rann út 9. október 2018. Tíu umsagnir bárust frá ýmsum hagsmunaaðilum, þar á meðal frá stærstu endurskoðunarfyrirtækjum landsins. Umsagnirnar eru þess eðlis að ekki verður séð að mikill ágreiningur sé eða verði um efnisleg meginatriði frumvarpsdraganna og því virðist ekkert því til fyrirstöðu að þau fái eðlilega þinglega meðferð þar sem framkomnar umsagnir hljóta að koma til umræðu og frekari skoðunar. Í framhaldi af þessu opna ferli hefur af hálfu ráðuneytisins verið farið yfir framkomnar umsagnir og ábendingar, gerðar breytingar á frumvarpsdrögunum og frumvarp lagt fram á Alþingi; mál nr. 312 á 149. löggjafarþingi 2018-2019.

Núgildandi lög um endurskoðendur eru, eins og áður hefur komið fram, frá árinu 2008 og í því ljósi taldi ráðuneytið nauðsynlegt að yfirfara þau og taka tillit til ábendinga og reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra. Í því sambandi var m.a. horft til reynslu hinna Norðurlandanna, enda hafa þau verið að gera breytingar á sínum lögum um endurskoðendur og endurskoðun. Frumvarpið er samið af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í samráði við vinnuhóp sem skipaður var fulltrúum ráðuneytisins, endurskoðunarráðs, Félags löggiltra endurskoðenda og Fjármálaeftirlitsins.



Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé „...hluti af evrópskri samvinnu í að skapa traust á fjárhagsupplýsingum og reikningsskilum félaga og lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til breytingar á gildandi endurskoðunartilskipun og nýja reglugerð fyrir endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum“, auk nýrrar „...reglugerð(ar) um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum nr. 537/2014“. Á þessum þáttum er tekið í frumvarpinu.

TILGANGUR NÝRRRA LAGA

Markmið framlagðs frumvarps til laga um endurskoðendur og endurskoðun er, eins og fram kemur í fyrrnefndri greinargerð með frumvarpinu, að „...skýra þær kröfur sem gerðar eru til endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja og innleiða breytingar í samræmi við kröfur sem gerðar eru til endurskoðenda í Evrópu með breytingu á 8. félagatilskipun Evrópusambandsins og reglugerð um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum“. Þannig mun tiltrú almennings á endurskoðuðum fjárhagsupplýsingum félaga aukast og tryggt að fjárfestar og aðrir notendur reikningsskila geti reitt sig á störf endurskoðenda eftirleiðis sem hingað til. Skerpt verður á kröfum til endurskoðenda, gagnsæi aukið, sem og óhæði þeirra og hlutlægni þeirra í verkefnum sem þeir sinna. Óhæði endurskoðenda er einn mikilvægasti þáttur í starfi þeirra. Endurskoðendur verða að vera óháðir viðskiptavinum sínum í reynd og ásýnd og leggur endurskoðendatilskipun Evrópusambandsins ríka áherslu á óhæði endurskoðenda.

Aukin áhersla verður lögð á að endurskoðendur ræki störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju, án þess að hugtakið sé skilgreint sérstaklega í fyrirliggjandi frumvarpi. Hins vegar er frekari umfjöllun um hugtakið í greingerð með frumvarpinu, m.a. hvað sé átt við með góðri endurskoðunarvenju, gildi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla og að hugtakið skuli m.a. ná utan um síbreytilegt umhverfi endurskoðenda. Í frumvarpinu eru auk þess ítarleg ákvæði um hvernig vinnu endurskoðanda og starfsemi endurskoðunarfyrirtækja skuli háttað og að öll endurskoðun skuli fara fram í endurskoðunarfyrirtækjum sem hafi starfsleyfi og verði skráð í endurskoðunarskrána. Gerðar verða ríkari kröfur á endurskoðunarfyrirtæki, s.s. veitingu og innlögn starfsleyfa. Það er tímanna tákn að heiti laganna vísar ekki lengur aðeins til endurskoðenda heldur líka endurskoðunar.

HELSTU BREYTINGAR

Stefnt er að ýmsum breytingum með samþykki Alþingis á nefndu fyrirliggjandi frumvarpi, sem í sumum tilvikum taka á eðlilegum breytingum vegna þróunar endurskoðunar. Viðamestu breytingarnar liggja í tilflutningi alls eftirlits með endurskoðendum frá endurskoðendaráði til Fjármálaeftirlitsins með tilheyrandi kostnaðarauka og refsheimildum. Auknar kröfur verða gerðar til endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja sem endurskoða einingar tengdar almannahagsmunum, endurskoðunarfyrirtæki munu ein fá heimild að annast endurskoðun og skylduaðild endurskoðenda að Félagi löggiltra endurskoðenda verður afnumin.

Fjármálaeftirlitið fær samkvæmt frumvarpinu ný verkefni sem felast í öllu eftirliti með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Samfara þessari breytingu er gert ráð fyrir að árlegt „eftirlitsgjald“ muni hækka úr kr. 80.000 í kr. 100.000. Þar að auki er gert ráð fyrir að heimilt verði að innheimta þjónustugjöld fyrir gæðaeftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Gjaldið skal ekki nema hærri fjárhæð en raunkostnaður við að standa straum af kostnaðarþáttum við eftirlitið, s.s. að teknu tilliti til launa og tengdra gjalda, ferðakostnaðar, endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, stjórnunar, stoðþjónustu og fleira. Ráðherra þarf að staðfesta, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, gjaldskrá fyrir gæðaeftirlitið. Ekki er útilokað að þetta leiði til umtalsverðrar hækkunar á kostnaði vegna gæðaeftirlitsins. Það verður væntanlega allt í senn aukið, styrkt og áhættumiðað.

Fjármálaeftirlitið mun fá auknar heimildir til að beita viðurlögum með það að markmiði að hindra og/eða koma í veg fyrir brot gegn gildandi reglum varðandi endurskoðunarþjónustu sem endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki veita. Gert er ráð fyrir, eins og í núgildandi lögum um endurskoðendur, að eftirlitsaðili (Fjármálaeftirlitið) geti svipt endurskoðanda réttindum sínum ef hann vanrækir alvarlega skyldur sínar eða brýtur gegn ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun. Það er hins vegar nýmæli í nefndu frumvarpi að eftirlitsaðili hafi einnig heimild til að beita þessu úrræði gagnvart endurskoðunarfyrirtækjum. Auk þess er svo lagt til að ef brot er ekki stórfellt skuli í stað réttindasviptingar áminna endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki og að jafnhliða áminningu verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Einnig er lagt til það nýmæli að heimilt verði að fella niður réttindi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis tímabundið.

Ríkari kröfur verða gerðar á endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem endurskoða einingar tengdar almannahagsmunum. Þannig verður reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014/ESB um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum innleidd og verður hún birt sem fylgiskjal með lögnum. Þar sem einingar tengdar almannahagsmunum hafa umtalsvert vægi vegna umfangs, flækjustigs og/eða eðli starfsemi þeirra, er talin þörf á að efla trúverðugleika endurskoðaðra reikningsskila eininga tengdum almannahagsmunum. Þar að leiðanda verða gerðar aðrar og auknar kröfur til endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja sem endurskoða slíkar einingar.

Ríkari kröfur verða gerðar um gagnsæi til almennings og aukið áhættumiðað eftirlit með þeim endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Auk þess verður meðal annars takmarkað hvaða aðra þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, megi veita einingum tengdum almannahagsmunum. Starfstíminn verður 10 ár, með heimild til framlengingar í allt að 20 ár ef opinbert útbóðsferli hefur farið fram og allt að 24 ár ef fleiri en eitt endurskoðunarfyrirtæki er ráðið á sama tíma. Með tilliti til

Þessa verða gerðar breytingar á eftirliti með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sem endurskoða einingar tengdar almannahagsmunum.

ANNAÐ OG MINNA

Engin ákvæði eru í nefndu frumvarpi um Félag löggiltra endurskoðenda eins og í 12. og 13. gr. gildandi laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, þar sem kveðið er meðal annars á um að endurskoðendum sé skylt að fara eftir siðareglum félagsins. Samkvæmt því verður ekki lengur um skylduáðild endurskoðenda að félaginu að ræða og spurningar vakna, eins og fram kemur í innsendri umsögn um frumvarpsdrögin, eftir hvaða siðareglum á að fara. Það skortir nánari skilgreiningu í frumvarpið varðandi það. Við þessar breytingar vaknar einnig spurning um hvort og þá hvaða áhrif þær komi til með að hafa á félagið og starfsemi þess í framtíðinni.

Hér að framan hefur verið stiklað á stóru varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum um endurskoðendur og endurskoðun. Ekki

er um tæmandi umfjöllun á öllum breytingum sem fram koma í fyrirbyggjandi frumvarpi og sumt breytist efnislega lítið eða ekkert ef frá er talin aðkoma Fjármálaeftirlitsins í stað endurskoðendaráðs. Í því sambandi má nefna ákvæðið um endurmenntun, próf og prófnefnd, starfsábyrgðartryggingu o.fl.

Þeir sem vilja kynna sér málið nánar er bent á frumvarpið og greinargerð með því, sem lagt hefur verið fram á Alþingis: [HYPERLINK "https://www.althingi.is/altext/149/s/0365.html"](https://www.althingi.is/altext/149/s/0365.html) <https://www.althingi.is/altext/149/s/0365.html> athugasemdir FLE við frumvarpið: <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-719.pdf>

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi er út frá því gengið að ný lög um endurskoðendur og endurskoðun öðlist gildi 1. janúar 2020.

Ragnar Jóhann Jónsson

ÚR FÉLAGSLÍFINU



Frá haustráðstefnu í október



Brussellerð



Þórdís Kolbrún ráðherra ANR ásamt nýjum löggiltum endurskoðendum



Mikill áhugi í gangi





TURNARNIR TVEIR

Árið 2018 var ár breytinga, við endurskoðendur fengum ekki einn, heldur tvo turna inn í líf okkar. Magnús Mar Vignisson og Sara Arnbjörnsdóttir töku hús á köppunum og grennsluðust fyrir um þeirra innri mann

Hver er hann fyrir utan opinbert starfsheiti?

Nafn: Skúli Eggert Þórðarson

Aldur: 65 ára

Hjúskaparstaða: Kvæntur

Börn: 3 synir sem eru uppkomnir og eru allir rafmagns- og tölvuverkfræðingar.

Starf: Yfirmaður Ríkisendurskoðunar frá 1. maí 2018. Hlutverk mitt er fyrst og fremst að hafa eftirlit með fjármunum ríkisins, endurskoða ríkisreikninga og beita úrræðum til að auka skilvirkni svo sem með stjórnsýsluendurskoðun. Ríkisendurskoðandi er annar tveggja embættismanna sem skilgreindir eru sem trúnaðarmenn Alþingis. Þeir eru kosnir af þinginu.

Fyrri störf: Ríkisskattstjóri árin 2007-2018, skatt-rannsóknarstjóri, 1993-2006, vararíkisskattstjóri 1990-1993. Þar áður ýmis störf innan skattkerfisins, rekstrarstjórn, starfsmannahald, umsjón með tölvu-kerfum o.fl.

Ef þú værir frægur, fyrir hvað myndir þú vilja vera frægur?

Ég myndi ekki vilja vera frægur og þótt einstaka endurskoðandi viti hver ég er er það ekki frægt. Raunar hef ég mestan áhuga á að vera bara heima hjá mér.

Hver sér almennt um að elda á þínu heimili?

Það er verkstjórinn á heimilinu, eiginkonan, en ég fæ að sjá um að upp-þvottavélin sé með verkefni.

Hvernig slakar þú á?

Stunda útivist, fer oft í göngutúra og svo þetta hefðbundna, lestur bóka og horfa á kvikmyndir og vera í félagsskap fjölskyldu og vina.

Rauðvín eða bjór?

Hvorugt.

Besti skyndibitinn?

Pizza

Fallegasta kona/karl fyrir utan maka?

Ef við horfum á innri feegurð myndi móðir Theresa verða fyrir valinu nú eða bara Jesús Kristur en ef þú ert að tala um ytri feegurð þá var Marilyn Monroe mjög aðlaðandi á sínum tíma.

Hver er uppáhalds endurskoðunarskrifstofan þín?

Á síðustu árum hef ég verið ágætlega kunnugur formönnum FLE og framkvæmdastjóra félagsins síðustu ár. Þetta fólk hefur komið af ýmsum stofum og er upp til hópa fagfólk, þannig að ég geri ekki upp á milli einstakra stöfa.

Hvort myndirðu vilja vera 50 cm hærri eða lægri?

Ég hef bara aldrei velt þessu fyrir mér og hvorugur kosturinn er spennandi.

Við hvað ertu hræddur?

Þegar ég sé slæm reikningsskil setur að mér hroll. Ætli það nálgist ekki svarið.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Vatns, matar, andlegrar næringar og fjölskyldunnar.

Hverju myndirðu vilja breyta í heiminum?

Er ekki hefðbundið svar að auka frið milli þjóða? Annars held ég að ef baráttan gegn skattaundanskotum skilaði árangri myndi fjárhagur margra þjóða breytast.

Manstu eftir konunni sem þú kysstir fyrst?

Já, mig rámar í það. Ég held að ég hafi verið 4 ára og hún hafi verið 5 ára. Í minningunni var þetta eitthvað sem var óþægilegt.

Hvað fékkstu þér í morgunmat?

Hefðbundið, brauðbiti, ávaxtasafi og slatti af vítamín-um.

Ef þú ynnir í lottóinu, hvað er það fyrsta sem þú myndir gera?

Ég er alltaf að vinna í lottóinu, síðast voru það held ég 540 kr. en ef það væri eitthvað að ráði kæmi vel til greina að ánefna ríkissjóði ávinninginn.

Syngur þú í sturtunni?

Nei.





Hver er hann fyrir utan opinbert starfsheiti?

Nafn: Snorri Olsen

Aldur: 60 ára

Hjúskaparstaða: Kvæntur

Börn: 2 dætur og 3 barnabörn sem allt eru stelpur og einnig á ég hund sem er tík þannig ég er í miklum minnihluta á heimilinu.

Starf: Yfirmaður Ríkisskattstjóra frá 1. október 2018.

Fyrri störf: Ég starfaði hjá Fjármálaráðuneytinu allt frá útskrift árið 1984 til ársins 1995, þá var ég settur ríkisskattstjóri í 2 ár eða til ársins 1997 og fór svo að vinna hjá Tollstjóra Reykjavíkur sem breyttist svo í að vera Tollstjóri á landsvísu. Ég hef því verið viðloðinn skattamál í langan tíma og unnið í stjórnsýslunni allan minn starfsferil.

Manstu eftir konunni sem þú kysstir fyrst?

Já, erfitt að gleyma henni, ég er enn í dag að kyssa hana, 43 árum seinna.

Hvað fékkstu þér í morgunmat?

Egg og beikon, nú er í gangi tilraunaverkefni hjá RSK um styttingu vinnutíma, á föstudögum vinnum við til kl. 14:00 og felur breytingin meðal annars í sér að við erum með bröns milli kl. 9:30 og 10:30 en sleppum hádegismat.

Ef þú ynnir í lottóinu, hvað er það fyrsta sem þú myndir gera?

Ég myndi í fyrsta lagi aldrei vinna í lottói því ég kaupi ekki lottó. En ef ég myndi vinna í lottó þá er það fyrsta sem ég myndi gera, er að hringja í félagi minn hann Stebba Konn sem er forstjóri Íslenskrar Getspár til að fá staðfestingu á því hvort þetta væri grín eða ekki. Ef ekki þá myndi ég spyrja hvort hann vildi frekar Benz eða Porsche þar sem hann má nú ekki sjálfur spila í lottói og á því aldrei möguleika á því að vinna neitt.

Ef þú værir frægur, fyrir hvað myndir þú vilja vera frægur?

Í fyrsta lagi þá myndi ég ekki vilja vera frægur þar sem ég held að það skapi alltof mikil vandamál. Réttu svarið væri að ég myndi vilja vera frægur fyrir eitthvað sem leiðir eitthvað gott af sér, t.d. að hafa fundið lækningu við krabbameini eða einhverju ólæknanlegu. En eigingjarna svarið væri að verða frægur fyrir að vera betri en Ronaldo í fótbolta.

Hver sér almennt um að elda á þínu heimili?

Konan mín, ég fæ að grilla.

Hvenær varst þú fyrst heillaður af sköttum?

Á árinu 1984, fyrir þann tíma hugsaði ég ekki mikið um skatta, en þegar ég útskrifast úr lögfræði úr HÍ árið 1984 þá býðst mér starf hjá Fjármálaráðuneytinu og þar varð ég fyrst heillaður af sköttum.

Hvernig slakar þú á?

Ég er yfir höfuð mjög slakur, en helsta slökunin er að fara í göngutúr með hundinn, það er góð andleg slökun.

Rauðvín eða bjór?

Hvorugt, hef aldrei byrjað að drekka áfengi. En ef ég yrði að velja þá myndi ég velja óáfengan bjór.

Besti skyndibitinn?

Væntanlega góður hamborgari með stökku beikoni, útlöðraður í góðri sósu með frönskum kartöflum.

Fallegasta kona/karl fyrir utan maka?

Mamma

Hver er upphalds endurskoðunarskrifstofan þín?

Ég held að það ekki skynsamlegt að upplýsa það í þessu viðtali við tvo starfsmenn PwC.

Hvort myndirðu vera 50 cm hærri eða lægri?

Hærri, engin spurning, 2,32 metrar og þá atvinnumaður í körfubolta.

Við hvað ertu hræddur?

Sko. ég held að ég sé ekki hræddur við neitt í þeim skilningi, en auðvitað getur maður lent í aðstæðum þar sem maður yrði hræddur. Til dæmis er ég ekkert hræddur við ljón, en ef ég væri fastur í herbergi með ljóni þá yrði ég væntanlega hræddur.

Hvers gætir þú ekki lifað án?

Fjölskyldu og vina. Líffræðilega er auðvitað fullt af hlutum sem við getum ekki lifað án en ég ætla ekki að fara telja það upp hér.

Hverju myndirðu vilja breyta í heiminum?

Það er svo margt, ég vil skilja lesendur eftir með það verkefni að hlusta á textann við lag John Lennon „Imagine“, til að fá einhverja sýn inn í það hvernig ég myndi vilja hafa heiminn.

Viðtal, Magnús Mar Vignisson og Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir endurskoðendur hjá PwC



A black and white portrait of a middle-aged man with grey hair and a beard. He is wearing a dark suit jacket, a light-colored shirt, and a striped tie. The background is blurred, showing what appears to be an indoor setting with some architectural elements.

Alexander G. Eðvardsson, endurskoðandi hjá KPMG

Með setningu laga nr. 43/1999 voru tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi samþykktar. Upphaflegt markmið laganna var að laða að erlenda aðila til að framleiða kvikmyndir eða sjónvarpsefni hér á landi með því að endurgreiða tímabundið hluta af innlendum framleiðslukostnaði. Markmið þetta hefur tekið breytingum á gildistíma laganna og eru nú að stuðla að eflingu innlendarar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru með tímabundnum stuðningi við kvikmyndir og sjónvarpsefni sem framleitt er hér á landi.

Endurgreiðslukerfið er einfalt og gegnsætt og er þar vísað til laga um tekjuskatt við mat á því hvaða kostnaður teldist mynda stofn til endurgreiðslu. Í lögunum segir að með framleiðslukostnaði sé átt við allan kostnað sem fellur til hér á land og heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt. Þá er sérstaklega tekið fram að laun og verktakagreiðslur teljist eingöngu til framleiðslukostnaðar hafi þær sannanlega verið skattlagðar hér á landi. Þetta er einfalt endurgreiðslukerfi sem er talið mun heppilegra en ýmiss konar skattaívilnanir sem erfitt væri að fylgja eftir í fram-

Í lögnum segir að ef beiðni um endurgreiðslu á hluta framleiðslukostnaðar nemur hærri fjárhæð en 20 m.kr. skuli kostnaðaruppgjör vera endurskoðað. Ákvæði þetta veitir mikið öryggi og hefur stuðlað að því að endurgreiðslubeiðnir eru almennt vel unnar og unnt að afgreiða þær hratt og örugglega. Endurgreiðslur á vegna kvikmyndagerðar námu samtals 9.131 m.kr. frá gildistöku laganna til loka árs 2018. Fyrstu árin voru endurgreiðslur lágar og í árslok 2011 höfðu samtals 1.688 m.kr. verið greiddar. Frá 2012 hefur orðið mikil aukning í endurgreiðslum og á árunum 2012 til 2018 voru 7.443 m.kr. endurgreiddar til 257 verkefna. Af þeim voru 79 verkefni þar sem endurgreiðslur voru yfir 20 m.kr. og því endurskoðunarskyld. Fjárhæðir sem greiddar hafa verið til einstakra verkefna eru misháar. Hæsta endurgreiðsla til eins verkefnis var 509 m.kr. og sú lægsta aðeins 0,2 m.kr.

Þar sem endurgreiðsla á þessum árum var 20% af framleiðslukostnaði hefur innlendir kostnaður við þau verkefni sem fengu endurgreiðslur numið að lágmarki 45.655 m.kr. Þegar aðrir opinberir styrkir hafa verið dregnir frá framleiðslukostnaði. Af þessu er ljóst að erlendir aðilar hafa eytt milljörðum króna á hverju ári í kaup á vörum og þjónustu hér á landi. Endurgreiðsluhlutfallið var hækkað í 25% vegna verkefna sem samþykkt eru eftir 1. janúar 2017. Mikil samkeppni er um kvikmyndaverkefni milli landa og er þessi hækkun á endurgreiðsluhlutfalli viðbrögð við aukinni samkeppni.

Setning þessara laga hefur fyllilega staðist þær væntingar sem gerðar voru til þeirra. Mikill fjöldi kvikmyndaverkefna hefur

verið unnin hér á landi og mikil sérhæfing og þekking hefur orðið til hjá innlendum kvikmyndagerðarmönnum. Sérfræðingar í markaðsmálum fullyrða að sú landkynning sem fólgin er í því að Ísland hefur verið notað sem tókustaður í erlendum stórmyndum sé nánast ómetanleg og hafi átt stóran þátt í auknum fjölda ferðamanna til landsins. Reynsla af lagasetningunni hefur verið það góð að gildistími þeirra hefur tvívegis verið framlengdur og er nú til ársloka 2021.

ENDURGREIÐSLUR VEGNA HLJÓÐRITUNAR Á TÓNLIST

Vegna þess mikla árangurs sem náðst hefur með endurgreiðslum til kvikmyndagerðar voru settar sambærilegar reglur um endurgreiðslur vegna hljóðritunar tónlistar hér á landi með lögum nr. 110/2016.

Kröfur sem gerðar eru til upplýsinga eru að stórum hluta sambærilegar við ákvæði laga um endurgreiðslur til kvikmyndagerðar og endurgreiðsluhlutfallið er það sama eða 25%. Þó eru nokkur ákvæði sem eiga einungis við um tónlist. Gerð er krafa um að sú tónlist sem hljóðrituð er á Íslandi og sótt er um endurgreiðslu fyrir uppfylli tiltekin skilyrði. Sem dæmi má nefna að samanlagður spilunartími tónlistarinnar þarf að ná 30 mínútum og að hljóðritin séu gefin út á 18 mánaða tímabili. Ekki mega vera liðnir meira en sex mánuðir frá því að nýjasta hljóðritið var gefið út.

Einn veigamikill munur er á lögum um endurgreiðslur vegna tónlistar og vegna kvikmyndagerðar. Í lögum um endurgreiðslur vegna tónlistar er ákvæði um að sami útgefandi geti ekki fengið hærri endurgreiðslu en 30 m.kr. á þriggja ára tímabili. Ekkert slíkt ákvæði er í lögum um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, hvorki vegna einstakra framleiðenda né fjárhæðamörk. Einu takmörkin á endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar eru þær fjárhæðir sem ákveðið er að verja í endurgreiðslur á fjárlögum. Fram kemur í þeim vilyrðum sem veitt eru til framleiðenda að fjárveitingar til endurgreiðslna séu háðar framlögum á fjárlögum hverju sinni. Fari samþykktar endurgreiðslur umfram fjárveitingar hefur nefnd um endurgreiðslur heimild til að fresta endurgreiðslum milli fjárlagaára í heild eða hluta.

Hvort setning laga um endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist verði sama lyftistöng fyrir tónlistasköpun og upptökur hér á landi og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á tíminn eftir að leiða í ljós.

Alexander G. Eðvardsson

SKIPAN STJÓRNAR OG FASTANEFNDA FLE STARFSÁRIÐ 2018 - 2019



Félagsstjórn FLE frá vinstri: H. Ágúst Jóhannesson formaður, Bryndís Björk Guðjónsdóttir varaformaður, Sif Einarsdóttir, Anna Kristín Traustadóttir og Arnar Már Jóhannesson.

Álitsnefnd FLE: H. Ágúst Jóhannesson formaður, Bryndís Björk Guðjónsdóttir varaformaður, Margrét Pétursdóttir, J. Sturla Jónsson, Sigurður Páll Hauksson og Ómar Björnsson varamaður.

Endurskoðunarnefnd FLE: Árni Þór Vilhelmsson formaður, Kristín Sveinsdóttir, Fannar Ottó Viktorsson og Aðalheiður Sigbergisdóttir.

Gæðanefnd FLE: Jóhann Óskar Haraldsson formaður, Magnús Mar Vignisson, Díana Hilmarisdóttir og Ragnar Sigurmundsson.

Menntunarnefnd FLE: Hjördís Ýr Ólafsdóttir formaður, Pétur Hansson, Björn Óli Guðmundsson og Arna G. Tryggvadóttir.

Reikningsskilanefnd FLE: Hulda Sigurbjörnsdóttir formaður, Atli Þór Jóhannsson, Sigurjón Arnarson og Gunnar Snorri Þorvarðarson.

Skattanefnd FLE: Sighvatur Halldórsson formaður, Anna María Ingvarsdóttir, Ágúst Kristinsson og Heiðar Þór Karlsson.





En við sem vinnum við endurskoðun, finnum vel fyrir þessum breytingum og auknu kröfum sem orðið hafa í störfum okkar á síðustu tíu árum

ENDURSKOÐUN

BREYTINGAR OG UMBÆTUR Í KJÖLFAR HRUNSINS

Herbert Baldursson og Íris Ólafsdóttir, endurskoðendur hjá PwC

HRUNID – þetta voðalega orð, sem merkir bara eitt – hrun stóru bankanna í október 2008 og skelfilegar afleiðingar þess á íslenska þjóðarsál og efnahagslíf. Nú, þegar tíu ár eru liðin frá þessum atburði er viðeigandi að líta til baka og skoða hvort og þá hvaða áhrif hrunið hefur haft á umhverfi og störf endurskoðenda. Hér er ekki ætlunin að vega og meta störf endurskoðenda í hrununu. Sá þáttur er auðvitað ekki hafinn yfir gagnrýni, en hann hefur verið skoðaður af Rannsóknarnefnd Alþingis og kannski öðrum. Hér ætlum við að fara stuttlega yfir hvað hefur breyst hjá okkur endurskoðendum í kjölfar hrunsins. Hvað sögðu og gerðu eftirlitsaðilar og reglusetningarvaldið og hverju breyttu þau yfirvöld í okkar starfsumhverfi.

Það var ekki bara á Íslandi sem það varð hrun. Í Evrópusambandinu varð til dæmis það sem nefnt er „The CRISIS“, eða fjármálakreppan. Í þessari grein ætlum við einnig að skoða hvaða áhrif fjármálakreppan hafði á endurskoðun og endurskoðendur í ESB, því það er jú þannig að allt sem gerist innan ESB mun á endanum skila sér til Íslands og breyta lífi okkar.

Óhætt er að segja að í eftirmála hrunsins var athyglin á endurskoðendum í raun tiltölulega lítil, bæði hér heima sem og innan ESB. Fyrst og fremst var einblínt á fjármálakerfið og hvernig mætti gera umbætur á því. Þá erum við að tala um reglusetningarvaldið og eftirlitsaðila. Álit almennings á endurskoðendum, eins og fleirum, beið hins vegar hnekki.

ÍSLAND – HVAÐ VAR SAGT UM ENDURSKOÐENDUR Á ÍSLANDI?

Á Íslandi var sett á stofn Rannsóknarnefnd Alþingis til að fara yfir aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði. Þessi viðbrögð voru einstök í allri Evrópu en voru nauðsynleg fyrir okkur Íslendinga til að skilja hvað gerðist. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er einn kafli þar sem fjallað er um endurskoðendur og störf þeirra, einkum er

varðar endurskoðun á reikningsskilum fjármálafyrirtækjanna í aðdraganda hrunsins. Þar setur nefndin fram gagnrýni sína um störf endurskoðenda og skyldur þeirra og leggur til að störf endurskoðenda séu skoðuð. Þingmannanefnd sem var skipuð til að fjalla um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis tók gagnrýni Rannsóknarnefndarinnar upp í sínu álit og lagði einnig til að farið yrði í ítarlega úttekt á störfum ytri endurskoðenda fram að hruni bankanna.

Þingmannanefndin lagði til að farið væri í endurskoðun á lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur þar sem hún taldi, meðal annars út frá athugasemdum Rannsóknarnefndarinnar, að skýra þyrfti og efla lög og reglur um störf og hlutverk endurskoðenda fyrirtækja, meðal annars til þess að bæta starfsskilyrði og efla frumkvæðisskyldu þeirra við endurskoðun. Markmiðið væri að efla ábyrgð, upplýsingaskyldu og verklag endurskoðenda, styrkja sjálfstæði þeirra og efla tengsl við opinberar eftirlitsstofnanir. Einnig lagði Þingmannanefndin til að til hliðsjónar við þessa vinnu væru þær breytingar sem gerðar voru á lagaumhverfi endurskoðenda í Bandaríkjunum með hinum svokölluðu Sarbanes-Oxley-lögum.

EVROÐUSAMBANDIÐ – HVAÐ VAR SAGT UM ENDURSKOÐ- ENDUR Í EVRÓPU?

Strax eftir fjármálakreppuna beindist umræðan innan ESB fyrst og fremst að fjármálafyrirtækjunum og að koma þyrfti á stöðugleika í fjármálakerfinu. Almenn var ekki talið að gallar í endurskoðun eða áliti endurskoðenda hafi valdið eða átt þátt í kreppunni. Þrátt fyrir það var ákveðið innan ESB að fara þyrfti yfir endurskoðunina og skoða hvort og þá hvernig mætti bæta hana. Niðurstaðan kom fram árið 2010 með „Green Paper – Audit Policy: Lessons from the Crisis“. Tilgangurinn var að setja fram vangaveltur og spurningar og koma af stað umræðum um endurskoðun almennt og þátt endurskoðenda í fjármálakreppunni og hvað mætti lagfæra í laga- og reglugerðar-umhverfinu til að minnka líkur á að sagan myndi endurtaka sig.

BREYTINGAR Á REGLUMHVERFINU Í EVRÓPU

Megnið af hugmyndunum úr Green Paper komu svo fram árið 2014 í nýrri tilskipun ESB um endurskoðun og í reglugerð sem var sett sérstaklega um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum. Tilgangurinn með breytingunum er að tryggja gagnsæi fjárhagsupplýsinga fyrirtækja, herða endurskoðendur í óhæði og til að beita faglegri tortryggni, gera markað fyrir endurskoðun virkari innan ESB og efla eftirlit með endurskoðendum og samræma það á milli landa.

Helstu breytingarnar voru þessar:

- gerðar voru ríkari kröfur um óhæði endurskoðenda,
- settar voru reglur um innihald endurskoðunaráritunar til að auka upplýsingagildi hennar fyrir fjárfesta,
- eftirlit með störfum endurskoðenda er eftir
- framkvæmdastjórn ESB var veitt heimild til að innleiða alþjóðlegu endurskoðunarstaðlana.

Að auki voru eftirfarandi aðgerðir settar fram vegna eininga tengdum almannahagsmunum:

- kröfur um innihald áritunar endurskoðenda voru auknar auk þess sem gerðar voru auknar kröfur um skýrslugerð til endurskoðunarnefnda,

- settar voru reglur um reglubundin skipti á endurskoðendum (rotation),
- gerður var listi yfir ýmsa þjónustu aðra en endurskoðun sem endurskoðendum er ekki heimilt að veita,
- skilgreindar voru hámarkstekjur af annarri heimilli þjónustu en endurskoðun,
- hlutverk og kröfur um hæfni endurskoðunarnefnda var aukið

Þessi tilskipun og reglur komu til framkvæmda í byrjun árs 2016 og er nú verið að innleiða þær á Íslandi í nýju frumvarpi um endurskoðun og endurskoðendur sem verður líklega að lögum á vormánuðum 2019.

BREYTINGAR Á REGLUMHVERFINU Á ÍSLANDI

Þrátt fyrir álit og tillögur Þingmannanefndarinnar um að farið yrði í endurskoðun á lögum um endurskoðendur, þá hafa engar efnislegar breytingar orðið á þeim. Það er ekki fyrr en núna í lok árs 2018 að það er komið fram frumvarp til nýrra laga sem er byggt á tilskipun ESB frá árinu 2014.

Hins vegar var gerð lagabreyting árið 2010 á lögum um fjármálafyrirtæki sem snertir endurskoðendur fjármálafyrirtækja verulega. Annars vegar var það að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtæki en endurskoðun. Hins vegar er það breytingin, sem sjálf sagt fór fyrir brjóstið á einhverjum, sem er að endurskoðandi má aðeins vera í fimm ár í hverju fyrirtækiog má ekki koma aftur að endurskoðun þess fyrr en eftir fimm ár til viðbótar. Í umsögn með lagafrumvarpinu um þetta skilyrði segir meðal annars að endurskoðendur hafi ekki farið varhluta af gagnrýni vegna þeirra hremminga sem dunið hafa yfir fjármálakerfi heimsins og því þyki mörgum sem trúverðugleiki þeirra sem sérfræðinga er votta fjárhagslega stöðuog heilbrigði fjármálafyrirtækja hafi beðið hnekki. Þess vegna er lagt til að ekki verði heimilt að sama endurskoðunarfyrirtæki sjái um endurskoðun fjármálafyrirtækis lengur en fimm ár. Tilgangur ákvæðisins er tvíþættur samkvæmt umsögninni, í fyrsta lagi er verið að reyna að sporna við því að endurskoðendur verði um of fjárhagslega háðir einu fyrirtæki og í öðru lagi að sú víska sem þeir standa frammi fyrir að samkeppnisaðilar geta skoðað verk þeirra að ráðningartíma liðnum muni leiða til vandaðri vinnubragða.

Þetta er athyglisvert þar sem sú hugmynd að takmarka starfstíma endurskoðenda var kannski ekki endanlega sett á blað fyrr en með Green Paper sem var gefið út í október 2010. Og þar er ekki sett fram hugmynd um það hvað slíkur starfstími á að vera langur, það kemur með reglugerð ESB frá 2014 um endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum. Í þeirri reglugerð er endurskoðunarfyrirtæki heimilt að vera í tíu ár með endurskoðun slíkra fyrirtækja, með mögulega framlengingu um önnur tíu ár, að vísu eftir útboð. Reglur um



útskipti endurskoðenda í íslensku lögunum um fjármálafyrirtæki eru því mun strangari en í Evrópu. Að vísu virðist standa til að milda þessar reglur um útskipti verulega í nýjum lögum um endurskoðendur, nema auðvitað að áfram standi í lögum um fjármálafyrirtæki að endurskoðendur megi ekki vera lengur en fimm ár?

AÐRAR BREYTINGAR Á ÍSLANDI

Þrátt fyrir að lagabreytingar frá hruni sem snerta starf endurskoðenda hafi ekki verið miklar þá hefur orðið, að því að við teljum, veruleg þróun í öðrum reglum í umhverfi endurskoðunar.

Siðareglur félags löggiltra endurskoðenda (FLE) voru samþykktar árið 2009. Þetta er reyndar vinna sem byrjaði árið 2006 og eru þær byggðar á siðareglum alþjóðasambands endurskoðenda, IFAC. Í lögum um endurskoðendur frá 2008 er tilgreint að allir endurskoðendur skuli fylgja þeim siðareglum sem FLE gefur út.

Síðan eru það alþjóðlegu endurskoðunarstaðlarnir. Í lögum um endurskoðendur segir að við endurskoðun eigi að fylgja alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum, sem gefnir eru út af IFAC. Tilgangurinn með þessu er að sjálfsögðu, sem hluti af alþjóðavæðingunni, að samræma störf og álit endurskoðenda á milli landa. Þróun í þessum stöðlum hefur verið og er ennþá veruleg enda er þar reynt að bregðast við erfiðum aðstæðum sem geta komið upp á hverjum tíma með breyttum og bættum vinnuaðferðum. Þessar breyttu og bættu vinnuaðferðir kalla oftast á meiri vinnu hjá okkur endurskoðendum. Oft án þess að við fáum meira greitt fyrir það, en hver er svo sem að kvarta?

Á árunum 2006-2009 voru alþjóðlegu endurskoðunarstaðlarnir rækilega endurskoðaðir og gerðir skýrari og var þessi endurbætta útgáfa þeirra fyrst notuð við endurskoðun ársins 2010.

Í byrjun var þessi endurskoðun á stöðlunum viðbrögð við alþjóðavæðingunni á fjármálamörkuðunum þar sem flóknara umhverfi kallaði á skýrari reglur og aukið gagnsæi. Fjármálakreppan hafði einnig áhrif og flýtti fyrir að endurbættir staðlar væru teknir í notkun.

LOKAORÐ

Strax eftir hrun og fjármálakreppu var athyglin mest á fjármálafyrirtækjunum, bæði hér heima og erlendis. Athyglin beindist að reikningsskilum þeirra, stjórnun og stjórnendum þeirra. Einnig beindist hún að eftirlitinu með þeim af hálfu fjármálaeftirlita. Störf endurskoðenda komu einnig til skoðunar. Markmiðið var tryggja fjármálastöðuleikann og að reyna að koma í veg fyrir aðra kreppu.

Til að bregðast við gagnrýninni hafa verið gerðar, eða eru í farvegi, breytingar á því umhverfi og regluverki sem endurskoðendur starfa í. Til að lista þær upp í stuttu máli höfum við tekið þær saman í eftirfarandi punkta:

Gagnrýni: Endurskoðendur eru of tengdir stjórnendum fyrirtækjanna.

Viðbrögð: Settar voru reglur um útboð og um takmörkun á starfstíma endurskoðenda.

Gagnrýni: Áritun endurskoðenda er ekki nógu góð.

Viðbrögð: Reglur um áritun voru bættar í endurskoðunarstöðlunum og í tilskipum ESB sem kemur inn í íslensk lög árið 2019.

Gagnrýni: Staða útlána fjármálafyrirtækja gefur ranga mynd.

Viðbrögð: Reikningsskilastaðli um afskriftarreikning útlána var breytt og endurskoðunarstaðli um endurskoðun á mati stjórnenda var breytt.

Gagnrýni: Endurskoðendur eru innvinklaðir í allt starf fyrirtækjanna sem þeir eru að endurskoða.

Viðbrögð: Siðareglurnar afmarka hvað endurskoðandi má gera í fyrirtækjum og tilskipun ESB og lög um fjármálafyrirtæki takmarka aðra vinnu um endurskoðenda.

Gagnrýni: Ýmis atriði í störfum endurskoðenda sem var velt upp í Green Paper frá ESB.

Viðbrögð: Megnið af þessum atriðum voru sett inn í tilskipun ESB og reglugerð um endurskoðun. Þessi atriði koma inn í íslensk lög með nýjum lögum um endurskoðendur á vormánuðum 2019.

Það verður að segjast eins og er, þegar litið er á listann hér að ofan, að þetta virðast kannski ekki vera miklar breytingar. En við sem vinnum við endurskoðun, finnum vel fyrir þessum breytingum og auknu kröfum sem orðið hafa í störfum okkar á síðustu tíu árum. Hversu oft heyrum við ekki stéttina kveinka sér yfir endalausum gæðaeftirliti og endalausri endurmenntun, nýjar og nýjar kröfur endurskoðunarstaðlanna og einhver ný tölvukerfi til að vinna með og allri skjöluninni sem því fylgir. Að ekki sé talað um gríðarlegar breytingar í atvinnulífinu, í fyrirtækjum og þeirra umhverfi. Og nú nýjasta ógnin, að það sé jafnvel ekki ólíklegt að eftir tíu ár hafi tölvurnar tekið við af okkur og hinn nýi löggilti endurskoðandi, A.I., áriti ársreikninga fyrirtækja rafrænt! En hvað um það, á meðan að sjóðstreymið stemmir og allt er rétt skráð í endurskoðunargrunnana, þá brosum við endurskoðendurnir og erum sátt, ekki satt?

Herbert Baldursson og Íris Ólafsdóttir





Þrátt fyrir hertar reglur hérlandis
er engu síður talið að tekjutap
ríkissjóðs geti numið umtalsverðum
fjárhæðum vegna rangrar
verðlagningar milli tengdra aðila

REGLUR UM MILLIVERÐLAGNINGU

HVAÐ ÞARF AÐ HAFA Í HUGA?

Margrét Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá PwC

1. INNGANGUR

Með auknum fjármagnsflutningum milli ríkja og aukinni tækni hafa skattyfirvöld, bæði erlendis og hérlandis, óttast frekari skattflóttu frá einu ríki til annars með þeim afleiðingum að rýrnun eða eyðing skattstofna á sér stað í einu ríki á meðan hagnaður er færður til annars (e. BEPS, Base Erosion and Profit Shifting). Vegna þessa tóku m.a. OECD og G20 ríkin höndum saman á haustmánuðum árið 2013 til að berjast gegn alþjóðlegri skattasniðgöngu með sameiginlegri aðgerðaráætlun (e. OECD BEPS Action plan) í fimmtán liðum. Alþjóðleg samvinna var þannig talin nauðsynlegt til að stemma stigu við skattflóttu milli ríkja, o.þ.a.l. sporna við alþjóðlegri skattasniðgöngu, en um er að ræða eina umfangsmestu aðgerð á sviði alþjóðlegs skattaréttar í um 30 ár. Með aðgerðaráætluninni er sjónum sérstaklega beint að fjölþjóðafyrirtækjum þar sem sett eru fram samhæfð viðmið með það markmið að koma í veg fyrir að skattaðilar nýti sér misræmi í löggjöf milli ríkja. Þrjár áætlanir af BEPS aðgerðaráætluninni snúa beint að milliverðlagningu en reglur um milliverðlagningu hafa verið í gildi hér á landi frá árinu 2014. Þrátt fyrir hertar reglur hérlandis er engu síður talið að tekjutap ríkissjóðs geti numið umtalsverðum fjárhæðum vegna rangrar verðlagningar milli tengdra aðila en áætlað hefur verið að tekjutap ríkisins sé á bilinu 1 ma.kr. til 6 ma.kr. á ársgrund-

velli.¹ Með vísan til þessa og þeirrar þróunar sem orðið hefur á alþjóðavettvangi setti ríkisskattstjóri á legg í árslok 2017 sérstakan starfshóp sem hefur eingöngu það hlutverk að hafa eftirlit með því að reglum um milliverðlagningu sé framfylgt.

2. ÁKVÆÐI UM MILLIVERÐLAGNINGU

Hið íslenska milliverðlagningarákvæði, 3.-6. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.), sbr. einnig reglugerð nr. 1180/2014, um skjölun og milliverðlagningu í viðskiptum tengdra lögaðila, byggir í meginráttum á leiðbeiningarreglum OECD um milliverðlagningu.² Meginreglu ákvæðisins er að finna í 3. mgr. 57. gr. þar sem kveðið er á um armslengdarreglu, þ.e. að viðskipti milli tengdra aðila skuli verðlögð líkt og um ótengda aðila ræðir. Í reglunni felst að ef verðlagning og/eða skilmálar í viðskiptum milli tengdra lögaðila (eða milli íslensks lögaðila og lögaðila í lágs kattaríki) er ekki sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum milli ótengdra aðila þá skulu skattyfirvöld meta og eftir atvikum leiðrétta verðlagninguna og ákvarða skattstofn eða skattstofna að nýju eftir því hvort verð reynist of- eða vanmetið. Viðskiptahugtak ákvæðisins er rúmt en með því er t.a.m. átt við almenn kaup og sölu á vörum og þjónustu, efnislegum og óefnislegum eignum og hvers kyns fjármálagerninga.

1. Skýrsla starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um milliverðlagningu og faktúrufólsun, júní 2017.

2. Leiðbeiningarreglur OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og skattyfirvöld sem samþykkar voru af OECD árið 1995, með síðari breytingum (e. OECD Transfer Pricing Guidelines for Multinational Enterprises and Tax Administrations).



2.1 TENGDIR LÖGAÐILAR

Milliverðlagningarákvæðið tekur einungis til tengdra lögaðila en sérstaka skilgreiningu á tengslum er að finna í þremur bókstafslíðum 4. mgr. 57. gr. tsl. Lögaðilar teljast vera tengdir séu þeir hluti af samstæðu samkvæmt lögum um ársreikninga, undir beinu og/eða óbeinu meirihlutareignarhaldi eða stjórnunarlegum yfirráðum tveggja eða fleiri lögaðila innan samstæðu, sé meirihlutareignarhald eins lögaðila yfir öðrum til staðar samanlagt með beinum eða óbeinum hætti eða þá að þeir séu beint eða óbeint í meirihlutaeigu eða undir stjórnunarlegum yfirráðum einstaklinga sem eru tengdir sifjaréttarlegum böndum. Eignarhlutdeild aðila í lögaðila getur verið bein eða óbein en með því er átt að aðili eigi meira en helmingshlut í lögaðila, beint eða óbeint, eða hafi eftir atvikum annars konar ráðstöfunarétt yfir eignarhlut s.s. með atkvæðisrétti eða sérstöku samkomulagi, þ.e. stjórnunarlegum yfirráðum enda fer formlegt og raunverulegt eignarhald ekki alltaf saman.

2.2 SKJÖLUNARSKYLDU

Með skjölunarskyldu er í megindráttum átt við að skjölunarskyldur lögaðili skrái upplýsingar um eðli og umfang viðskipta við tengda lögaðila, eðli tengsla og grundvöll ákvörðunar milliverðlagningar í tengdum viðskiptum. Skjölun er þannig grundvöllur mats fyrir skattyfirvöld til að meta hvort verð eða skilmálar í tengdum viðskiptum sé í samræmi við armslengdarregluna, þ.e. líkt og um ótengda aðila ræðir. Lögaðila ber skylda til að skjala viðskipti, sem ekki teljast minniháttar, við tengdan lögaðila sem er heimilisfastur erlendis og þegar rekstrartekjur hans á næstliðnu reikningsári eða heildareignir í upphafi eða við lok næstliðins reikningsárs eru yfir einum milljarði króna. Séu viðskiptin einvörðungu milli innlendra tengdra aðila þá eru slík viðskipti undanþegin skjölun.


Markmið skjölunar er að sýna fram á að verðákvörðun í viðskiptum tengdra aðila hafi verið í samræmi við armslengdarregluna á hverju tímabili. Með skjöluninni skal þannig gera sérstaka grein fyrir ákvörðun verðs, hvaða atriði höfðu áhrif á verðmyndun ásamt því að tiltaka hvaða aðferð er notuð við verðákvörðunina. Allt er þetta gert til að finna út og sýna fram á armslengdarverðið. Mikilvægt er að gera grein fyrir því að hvaða marki verðlagning er talin vera í samræmi við þær aðferðir sem tilgreindar eru í leiðbeiningarreglum OECD um milliverðlagningu. Þá ber einnig að hafa í huga að aðferðir við ákvörðun verðs geta verið misflóknar, misumfangsmiklar

og krafist misitarlegra skýringa en það ræðst m.a. af eðli hinna tengdu viðskipta. Skjölunin gildir ekki um minniháttar viðskipti milli tengdra aðila, t.a.m. ráðstafanir sem hafa takmarkað efnahagslegt umfang og takmarkað vægi fyrir rekstur viðkomandi aðila. Engu síður er nauðsynlegt að gera grein fyrir því við framtalsskil að skattaðilinn nýti sér undanþáguna.

Sé skattaðili skjölunarskyldur þá er mikilvægt að hann staðfesti skjölunarskyldu við framtalsskil. Með staðfestingunni, þ.e. eyðublaði RSK 4.28, staðfestir hann skjölunarskyldu og að fullnægjandi skjölun hafi átt sér stað. Ríkisskattstjóra er síðan heimilt að óska eftir skjölunargögnum eftir að framtalsfrestur er liðinn og hefur skattaðili þá 45 daga frá því að beiðnin barst til að bregðast við fyrirspurninni um aðgang að skjölunarskyldum gögnum. Engin bein sektarheimild er fyrir því sé skjölun ekki skilað en engu síður hefur ríkisskattstjóri heimild til að leiðrétta milliverðlagningarverðið og ákvarða þannig skattstofna að nýju, allt eftir því hvort verð reynist of- eða vanmetið. Í framhaldi er líklegt að ríkisskattstjóri nýti heimildir tekjuskattslaga til 25% álagsbeitingar á vanframtalda skattstofna sem hefur í för með sér aukna skattbyrði fyrir skattaðilann. Þannig er mikið í húfi fyrir hinn skjölunarskylda aðila að skjala tengd viðskipti yfir landamæri og haga skjölun sinni í samræmi við gildandi reglur. Þar af leiðandi er mikilvægt að benda skattaðilum á skylduna til að skjala tengd viðskipti, falli þeir á annað borð undir ákvæðið.

Hafa skal hugfast að reglur um milliverðlagningu eiga við um viðskipti milli tengdra lögaðila þrátt fyrir að á þeim hvíli ekki krafa um skjölunarskyldu. Athuga skal að reglurnar eiga við óháð því hvort innlendir lögaðili á í viðskiptum við innlenda eða erlenda lögaðila sem honum er tengdur á meðan skjölunarskyldan á eingöngu við þegar innlendir aðilar eiga í viðskiptum yfir landamæri við tengda aðila. Ef tengsl milli lögaðila eru með öðrum hætti en greinir í milliverðlagningarreglunum þá geta almennar skattasniðgöngureglur 1. og 2. mgr. 57. gr. tsl. átt við um viðskipti þeirra á milli.

Þannig er grundvallaratriði varðandi gildissvið milliverðlagningarreglnanna að lögaðilar séu tengdir samkvæmt 4. mgr. 57. gr. tsl. Þrátt fyrir að skilgreiningar á tengslum séu ekki sérstaklega teknar hér til umfjöllunar þá er nauðsynlegt að kanna í fyrsta lagi hvort að tengsl séu á milli aðila þannig að verðlagning og/ eða skilmálar í viðskiptum falli undir ákvæði 3. mgr. 57. gr. tsl. og í framhaldi er nauðsynlegt að kanna hvort að viðkomandi aðili sé skjölunarskyldur á grundvelli 5. mgr. 57. gr. tsl. Sé hann skjölunarskyldur þá þarf að ítreka fyrir viðkomandi skattaðila mikilvægi skjölunar og í framhaldi undirbúa skjölun. Því næst skal með framtali tilkynna ríkisskattstjóra um skjölunarskyldu og að skjölun tengdra viðskipta hafi farið fram.



3. RÍKI-FYRIR-RÍKI SKÝRSLA UM SKATTSKIL

Hluti af 13. aðgerðaráætlun BEPS laut að svokölluðum ríki-fyrir-ríki skýrslum (e. Country-by-Country Reports). Í lok árs 2016 voru lögfestar hér landi, að fyrirmynd 13. BEPS aðgerðaráætlunarinnar, reglur um skil á slíkum skýrslum. Reglurnar er að finna í ákvæði 91. gr. a. tsl., sbr. einnig í reglugerð nr. 1166/2016, um skil á ríki-fyrir-ríki skýrsluog byggja þær með beinum hætti á fyrirmynd OECD um milliverðlagningu líkt og henni var breytt með 13. BEPS aðgerðaráætluninni. Ríki-fyrir-ríki skýrsla kemur til viðbótar við hefðbundna skjölun en um er að ræða skýrslu sem lýsir fjölþjóðasamstæðunni á heildstæðan hátt. Megintilgangur með skýrsluskilunum er að skapa grunn fyrir skattyfirvöld við áhættugreiningu en í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um tekjur og greidda skatta eftir ríkjum auk þess sem lýsa skuli starfsemi hvers samstæðufélags í hverju ríki fyrir sig, stöðu eigin fjár o.fl. Ekki er komin reynsla á framkvæmdina hér á landi sem slíka en allar ríki-fyrir-ríki skýrslur sem ríkisskattstjóri móttækur skulu vera á XML formi sem uppfyllir kröfur embættisins og kröfur OECD. Þá þarf að sækja um sérstakt auðkenni, gera prófanir, sannreyna gögn o.fl. svo unnt sé að skila skýrslunni til héraðs skattyfirvalda.

3.1 Á HVERJUM HVÍLIR SKILASKYLDAN?


Meginreglan er sú að skýrsluna skuli afhenda í því ríki sem móðurfélag heildarsamstæðu er heimilisfast og þaðan skuli henni deilt án beiðni til annarra ríkja sem samstæðufélög starfa í á grundvelli upplýsingaskipta- og tvísköttunarsamninga. Skilaskyldan getur engu síður hvílt á öðrum samstæðufélögum heldur en móðurfélaginu og slíkt við þegar hinu erlenda móðurfélagi er ekki skylt að skila skýrslunni í sínu heimilisfestarríki, þegar heimilisfestarríki hins erlenda móðurfélags hefur ekki gert upplýsingaskiptasamning við Ísland er kveður á um sjálfvirk upplýsingaskipti á skýrslunni eða þegar ríkisskattstjóri hefur tilkynnt íslenska samstæðufélaginu að heimilisfestarríki hins erlenda móðurfélags hafi ekki gert upplýsingaskiptasamning eða skilar embættinu af öðrum ástæðum ekki skýrslunni. Skyldan til að skila skýrslunni gildir þó ekki ef tekjur heildarsamstæðunnar á síðasta reikningsári voru lægri en 100 milljarðar kr.

Íslensku samstæðufélagi, óháð því hvort að það sé skilaskyldt eða ekki, ber ávallt að tilkynna ríkisskattstjóra um í hvaða ríki hið erlenda móðurfélag skilar ríki-fyrir-ríki skýrslu. Þannig ber sam-

stæðufélaginu að skila skattyfirvöldum eyðublaði RSK 4.31 við lok reikningsárs svo að ríkisskattstjóri geti vitað í hvaða ríki embættið geti nálgast skýrsluna en embættið auglýsir í byrjun hvers árs hvenær skuli skila eyðublaðinu.

Íslensku reglurnar um skil á ríki-fyrir-ríki skýrslu eru hins vegar ekki nægjanlega skýrar og misræmi er á milli lagaákvæðisins annars vegar og svo reglugerðarinnar hinar vegar. Misræmið liggur helst í því hvað sé átt við með samstæðufélögum, hverjir séu skilaskyldir samkvæmt undantekningarreglu 2. mgr. 91. gr. a. tsl. o.s.frv. Lögskýringargögn eru af skornum skammti enda kom ákvæðið inn á sínum tíma með breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar. Sé aftur á móti horft til fyrirmyndar OECD þá er ljóst að t.a.m. fastar starfsstöðvar eða útibú erlendra félaga geta fallið undir skilaskylduna. Lesa má úr hinu íslenska lagaákvæði að fastar starfsstöðvar eða útibú falli ekki undir skilaskylduna á meðan íslenska reglugerðarákvæðið kveður á um hið gagnstæða. Í reglugerðinni er tiltekið sérstaklega að skilaskyldan hvílir á öðrum samstæðufélögum innan heildarsamstæðunnar á meðan einungis er kveðið á um félög í lagaákvæðinu. Samstæðufélög eru sérstaklega skilgreind í reglugerðinni sem lögaðilar innan heildarsamstæðu, þ.m.t. föst starfsstöð. Reglugerðin er því meira í samræmi við tilmæli OECD heldur en lagaákvæðið.

Margrét Sigurðardóttir





Skipulagið var gott með hæfilegu samblandi af fræðslu og skemmtun með nægum frjálsum tíma og engum rútuferðum

BRUSSEL

SKEMMTILEG OG VELHEPPNUÐ FERÐ

Benóní Torfi Eggertsson, endurskoðandi Deloitte

Að morgni 27. september 2018 héldu 111 endurskoðendur ásamt 55 mökum og gestum til höfuðborgar Belgíu, Brussel í fyrstu utanlandsferð félagsmanna á vegum FLE í 13 ár eða síðan 2005, þegar félagið fór með félagsmenn til höfuðborgar Svíaríkis, Stokkhólms. Fram að því hafði félagið staðið nokkuð reglulega fyrir ferðum félagsmanna á erlenda grundu og man greinarhöfundur eftir ferðum til Edinborgar, Skotlandi árið 1989, ferð til Brussel árið 1992, ferð til New York árið 1997, ferð til London árið 2001 og áðurnefnd ferð til Svíþjóðar á árinu 2005. Þessar ferðir hristu saman félagsmenn að mati greinarhöfundar auk þess sem sumir sýndu á sér nýjar hliðar t.d. var minnisstætt fyrir greinarhöfund þegar hann heyrði nokkra ónefnda félagsmenn í Svíþjóð 2005 kyrja lagið þabbi þarf að vinna og þabbi þarf að hitta mennina þannig sungið að það var eins og þeir hefðu samið textann sjálfir.

Eins og áður sagði þá dattu þessar ferðir upp fyrir eftir Svíþjóð 2005 og var ástæðan sennilega hræðsla um þátttökuleysi

vegna þess að algengt var orðið að endurskoðunarfyrirtæki héldu árshátíðir erlendis auk þess sem tengsl við erlend endurskoðunarfyrirtæki leiddu til þess að íslenskir endurskoðendur fóru oft á ráðstefnur og fundi á erlendri grundu. Þess vegna var það óvænt ánægja þegar ferð til Brussel var sett á kortið af FLE í lok september 2018 og líka hve þátttaka félagsmanna var góð og sérstaklega ungra félagsmanna.

Þrátt fyrir að svona ferðir séu ávallt mjög skemmtilegar þá er eitt sem er alltaf svo lítið kvíðvænlegt en það eru langar rútuferðir í tengslum við þéttskipaða dagskrá skoðunarferða en slíkar rútuferðir geta tekið verulega á sérstaklega ef mjög gaman hefur verið kvöldið áður. Þess vegna var það ánægjulegt að sjá að umrædd ferð innihélt engar rútuferðir nema til og frá flugvöllinum og að auki var gert ráð fyrir miklum frjálsum tíma sem félagsmenn gátu ráðstafað í þeirri stórkostlegu borg Brussel. Fimmtudagurinn 27. september 2018 var bara ferðadagur og eftir að ferðlangar höfðu tékkað inn á hótelið



Radisson Blu Royal Hotel, Brussels upp úr hádeginu þá höfðu þeir það sem eftir var dagsins til að kynna sér þær dásendur sem Brussel borg hefur upp á bjóða líka þar sem hótelið var staðsett algjörlega í miðju borginnar í stuttu göngufæri frá ráðhústorginu Grand Place.

Belgía og þar með Brussel hefur líka svo margt upp á að bjóða. Það virðist vera þannig með Belgana að ef þeir taka sér eitt hvað fyrir hendur þá gera þeir það vel. Þar er hægt að taka nokkur dæmi um hluti sem þeir hafa náð topp árangrí í eins og súkkulaðigerð, bjórbruggun, vöflugerð, teiknimyndagerð og svo rífast þeir við Frakka um það hvort franskir kartöflur séu ekki í raun belgískar. Belgar hafa líka lagt sitt af mörkum til tónlistarinnar og má þar fremstan nefna Jacques Brel sem söng og samdi m.a. lögin *Ne me quitte pas* (If you go away) og *Le Moribond* (Seasons in the Sun). Þannig að öruggt var að hægt var að nota hin frjálsa tíma til að kynna sér mat og menningu í fremstu röð. En svo var líka bara hægt að fara á Delerium Café þar sem boðið er upp á 2.004 mismunandi bjóra skv. Guinness World Records miðað við janúar 2004 og eyða frjálsa tímanum þar og mun hafa legið fyrir mörgum félagsmönnum, mökum og gestum þeirra að a.m.k að ljúka deginum á Delerium Café.

Á föstudagsmorgninum þann 28. September 2019 var boðað til hinna svokölluðu borgarleika. Borgarleikarnir byrjuðu þannig

að þátttakendum var skipt í ca. 6 manna hópa sem voru vísindalega valdir af starfsmönnum FLE þannig að í hópnum væru helst ekki saman vinnufélagar eða makar og gestir sem þekktust. Hver hópur fékk í hendurnar spjaldtölvu sem þjónaði hópnum sem vegvísir og jafnframt sem spurninga-, mynda- og myndbandsvél auk þess hægt var að teikna í henni myndir ef þannig stóð á.

Leikurinn fólst í því að finna með aðstoð spjaldtölvunnar þekkt kennileiti eða staði í miðborg Brussel, svara þar spurningum um staðinn eða kennileitið og taka mynd eða myndband þar sem hópmeðlimir þurftu að sýna fram á listræna hæfileika. Þetta var jafnframt keppni þar sem reiknað var til stiga rétt svör við spurningum sem hægt var að velja misþungar og þar með fá fleiri stig og að auki var að störfum dómnefnd sem gaf aukastig fyrir listræna frammistöðu. Fyrirfram virkaði þetta svolítið ruglingslegt en þegar upp var staðið þá var þetta virkilega vel heppnað, skemmtilegt og fræðandi. Greinarhöfundur skemmti sér konunglega við að leysa margs konar þrautir með fólki sem hann hafði jafnvel aldrei talað við áður en voru á þessu augnabliki hans bestu vinir og samherjar.

Borgarleikarnir innihéldu líka stöpp hvar annars staðar heldur en á Delerium Café þar sem boðið var upp á bjórsmökkun. Þegar spjaldtölvum var skilað á Grand Place upp úr hádeginu þá voru margir endurskoðendur vongóðir um að þeirra hópur





hefði unnið keppnina vegna þess að þeir höfðu svarað svo mörgu réttu og spjaldtölvan sýndi að þeir voru með hærra stigaskör en næsti hópur. En þá hugsuðu þeir of mikið eins og endurskoðendur og tóku ekki tillit til aukastigana sem fékkst fyrir listræna túlkun og hæfileika. Slíkri túlkun og hæfileikum var hægt að koma á framfæri af mikilli kúnnst sérstaklega þegar tvo kennileitin sem hægt var að leika sér í kringum voru annars vegar pissandi stúlka og hins vegar pissandi drengur. Enda kom það í ljós að þegar úrslitin voru tilkynnt á lokakvöldinu þá höfðu nördarnir tapað fyrir listrænu blómunum í hópi endurskoðanda og gesta þeirra.



Eftir að borgarleikunum lauk upp úr hádeginu var aftur frjálstími og formleg dagskrá hófst ekki aftur fyrr en morguninn eftir. Restin af deginum nýttu ferðalangarnir sér til að kynna sér betur mat og menningu í fremstu röð auk þess sem hægt var að gera góð kaup í verslunum miðborgarinnar, en svo var líka hægt að fara bara aftur á Delirium Café. Um kvöldið vildi svo skemmtilega til að margir af endurskoðendum og gestum þeirra fóru á sama veitingarstaðinn Belga Queen sem var steinsnar frá hótelinu meira að segja í sömu götunni. Húsnæði veitingastaðarins hýsti áður rótgróin banka og var það því skemmtilegt upplifun að drekka fordrykkinn í bankahvelfingunni í kjallaranum og má segja að hann hafi verið drukkinn í öruggu umhverfi. Það var kannski ekki tilviljun að þessi veitingastaður hafi orðið fyrir valinu hjá svona mörgum þetta kvöldið vegna þess að sögn framkvæmdastjóra FLE þá fer hann alltaf með nýja formenn félagsins út að borða á Belga Queen þegar þeir eru saman í embættisferðum í Brussel.

Morguninn eftir laugardaginn 29. september 2018 vöknudum endurskoðendur hressir til að fara á ráðstefnu sem haldinn var á hótelinu og fjallaði að mestu á einhvern hátt um tengsl Íslands við Evrópu og Evrópusambandið á sviði endurskoðunar og reikningshalds og um það að geta lesendur kynnt sér betur á heimasíðu FLE þar sem hægt er að finna glærur fyrirlesaranna á ráðstefnunni.



Eftir hádegismat var síðan fyrirlestur opinn öllum bæði endurskoðendum og gestum þeirra þar sem fyrirlesarinn Nigel Barlow fjallaði um á eftirminnilegan hátt um skapandi hugsun, nýsköpun og mannlega þáttinn þegar stafræn framtíð bankar með þunga á dyrnar. Það sem stóð upp úr hjá honum var það hvernig hann sannaði einn einu sinni fyrir áheyrendum að við dæmum fólk fyrst og fremst af útlitinu og klæðaburði og eru búin að mynda okkur fullmótaða skoðun á viðkomandi án þess að þekkja nokkuð til persónunnar. Með öðrum orðum þá leit Nigel þannig út og klæddi sig þannig að flestir bjuggust við að fyrirlesturinn yrði langur og leiðinlegur þegar hann var í raun mjög fræðandi, skemmtilegur og fljótur að liða.



Ráðstefnulok voru kl. 15 og þá var enn einu sinni frjáls tími sem hægt var að nota í ýmislegt en aðallega til að undirbúa sig undir Gala kvöldverðinn á hótelineu sem byrjaði með fordrykk kl. 19. Til borðs var sest kl. 20 og borinn var fram dýrindismatur en undir matnum voru úrslit borgarleikana kynnt auk þess sem afrakstur mynda og myndbanda hópana voru sýnd við mikinn fögnuð viðstaddra vegna þess að eins og við öll vitum þá geta endurskoðendur og gestir þeirra verið mjög skemmtileg og skapandi þegar á reynir.

ferðinni af lífi og sál og t.d. var ég vitni af því þegar tveir ungir endurskoðendur frá sitt hvoru fyrirtækinu voru að metast um það hvor væri kjötaðri en sættust síðan og ákváðu skipta með sér höfuðborgarsvæðinu í þeim málum á bróðurlegan hátt og eru þeir vinir nú í dag sem er tilgangurinn með svona ferðum og vonandi þarf ekki að biða aftur í 13 ár eftir næst ferð verði farin heldur verði hún sett á dagskrá fyrr en síðar.

Benóní Torfi Eggertsson

Eftir kvöldverðinn spilaði íslenska hljómsveitin Kókos fyrir dansi fram eftir nóttu við góðar undirtektir gesta og var gerður góður rómur af frammistöðu hljómsveitarinnar. Hljómsveitin var einnig mjög ánægð með frammistöðu gestanna en á fésbókarsíðu hljómsveitarinnar segir m.a. um þennan atburð:

„Við fórum á Evróputúr um daginn þar sem við skemmtum Félagi löggiltra endurskoðenda - FLE á lokakvöldi á ráðstefnu í Brussel. Þessi hópur var einn sá fjörugasti sem við höfum spilað fyrir og við erum óendalega glöð með þetta gigg. Við spiluðum fyrst “unplugged” í fordrykk fyrir mat og svo var partýball-spilerí inn í nóttina með þessu frábæra fólki. Takk fyrir okkur endurskoðendur!,,



Greinarhöfundur fór reyndar snemma í háttinn en frétti daginn eftir að skemmtunin hefði ekki farið úr böndunum og bara einn félagsmaður hefði handarbrotnað við dansíðkunina. Daginn eftir sunnudag héldu flestir heim á leið en einhverjir framlengdu um nokkra daga til að kynnst þessari frábæru borg Brussel betur.

Greinarhöfundur sem á samanlagt 100 afmæli og starfsafmæli nú í byrjun janúar 2019 (120 ára með kvöld og helgarvinnunni) verður að játa að þetta er skemmtilegasta og best heppnaðasta ferðin sem hann hefur farið í á vegum FLE þótt allar hafi þær verið skemmtilegar og eftirminnilegar. Í fyrsta lagi var skipulagið gott með hæfilegu samblandi af fræðslu og skemmtun með nægum frjálsum tíma og engum rútufurðum. En í öðru lagi var gaman að sjá hve margir ungir félagsmenn tóku þátt í



Breytingarnar eru til mikilla bóta
enda reglur gerðar mun einfaldari fyrir fyrirtæki



VIRÐISAUKASKATTUR Á ÞJÓNUSTU MILLI LANDA - BREYTINGAR

Vala Valtýsdóttir er lögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur

Ákvæði um hvernig fara skuli með virðisaukaskatt af kaupum og sölu á þjónustu milli landa hafa verið í virðisaukaskattslögum nr. 50/1988 (vskl.) allt frá setningu þeirra laga hér á landi. Hins vegar hafa þessi ákvæði tekið breytingum í tímann rás, sér í lagi á fyrstu 10 árum eftir að lögin tóku gildi hér á landi. Að stofni til eru því núgildandi reglur um slík viðskipti frá 1997. Hins vegar hefur löggjöf um virðisaukaskatt ekki að öllu leyti fylgt þeirri þróun sem hefur átt sér stað að frumkvæði OECD. Breytingin sem gerð var núna á lögum um virðisaukaskatt varðandi þjónustu milli landa kemur til framkvæmda 1. janúar 2019 (lög nr. 59/2018).

ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI - HVERNIG VAR SKATTLAGNINGIN?

Það sem skipti mestu máli hvað varðarði skattlagningu var að kanna hvar þjónustan var nýtt sannanlega. Þá var nýtingarstaðurinn þar sem hagsmunir voru. Dæmi: Íslensk lögfræðistofa seldi dönsku fyrirtæki lögfræðipjónustu. Um var að ræða þjónustu er varðar kröfur danska fyrirtækisins hér á landi gagnvart innlendum aðilum. Í dæminu voru hagsmunirnir hér á landi þannig að það skipti máli hvort kaupandi hefði verið virðisaukaskattsskyldur ef hann væri innlendur og gæti því fært virðisaukaskattinn til innskatts. Hér var því um að ræða skattskyldu

ef hinn erlendi kaupandi var ekki í virðisaukaskattsskyldum rekstri. Þannig var meginatriðið hver væri kaupandi. Óhemju mörg mál hafa farið til úrskurðar yfirséðanefndar vegna þessara ákvæða, ekki síst vegna þess að erfitt var að átta sig á því hvar hagsmunir lágu og þá hvar þjónustan taldist vera nýtt. Við innflutning var einungis sú þjónusta skattskyld sem talin var upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. vskl.

ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI - HVERNIG BREYTAST REGLURNAR?

Ákvæðin eru gerð einfaldari og í samræmi við það sem hefur verið lögfest í helstu nágrannalöndum Íslands. Auk þess eru breytingarnar fallnar til þess að stoppa í einhver göt þannig að ríkissjóður fái það sem honum ber. Breytingarnar snúa annars vegar að því hvenær þjónusta er undanþegin skattskyldri veltu vegna sölu úr landi og hins vegar hverjir eru greiðsluskyldir við innflutning sömu þjónustu.

a) Sala úr landi - Undanþága frá skattskyldri veltu

Samkvæmt lögum nr. 59/2018 telst þjónusta veitt erlendis þegar hún er seld frá Íslandi til

- atvinnufyrirtækis sem hvorki hefur heimilisfesti hér á landi né stundar hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð.



- annarra en atvinnufyrirtækja sem hafa ekki heimilisfesti, lögheimili, varanlega búsetu eða dveljast ekki að jafnaði hér á landi. Þjónustan telst þó ávallt veitt hér á landi þegar raunveruleg nýting hennar á sér stað hérlendis.

Sú þjónusta sem fellur undir skattskylduna eftir breytinguna er sama þjónusta og hefur verið hingað til talin upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. vskl. auk útvarps og sjónvarpsþjónustu. Auk þess er frekari skýring á því hvað telst rafræn þjónusta og fjarskiptaþjónusta.

Meginreglan verður því sú að þjónustan telst vera nýtt og þar með **skattlögð þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð**. Sá staður þar sem þjónustan er veitt (e. place of supply of services) telst þá vera sá staður þar sem hún er nýtt. Af þessu leiðir að virðisaukaskatturinn verður „hlutlaus“ í milliríkjaviðskiptum. Meðal annars var haft að leiðarljósi við gerð frumvarpsins að fyrirbyggja að fyrirtæki, einstaklingar og aðrir aðilar verði tvískattlagðir eða ekki skattlagðir í milliríkjaviðskiptum vegna mismunandi regluverks milli landa.

Vegna þessa er umrædd þjónusta sem seld er úr landi almennt án virðisaukaskatts – án tillits til þess hvar hagsmunir kaupanda liggja. Eftirfarandi dæmi eru lýsandi um stöðuna eftir framangreindar breytingar:

Dæmi 1:

Íslensk lögfræðistofa selur dönsku fyrirtæki lögfræðiþjónustu. Um er að ræða þjónustu er varðar kröfur danska fyrirtækisins hér á landi gagnvart innlendum aðilum. Danska fyrirtækið er einn aðili og ekki hluti af fyrirtækjasamstæðu. Kaupandi hefur engin önnur tengsl við landið. Þjónusta íslensku lögfræðistofunnar telst vera veitt í Danmörku og er ekki skattskyld hér á landi. Sá staður þar sem þjónustan telst vera veitt er þá í Danmörku.

Dæmi 2:

Íslenskt ráðgjafarfyrirtæki selur breskri fyrirtækjasamsteypu ráðgjafarþjónustu. Breska móðurfélagið á dótturfyrirtæki á Írlandi og í Lúxemborg. Ráðgjöfin varðar samningagerð Írska dótturfélagsins við íslenskt fyrirtæki. Írska dótturfélagið hefur engin önnur tengsl við landið. Þjónusta íslenska ráðgjafarfyrirtækisins telst vera veitt á Írlandi og er því ekki skattskyld hér á landi. Skattlagningarstaður þjónustunnar er þá á Írlandi.

b) Innflutt þjónusta - Greiðsluskylda

Með lögum nr. 59/2018 verður öll innflutt þjónusta sem fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskattslaganna skattskyld hér á landi, þó þannig að skattskylda gagnvart einstaklingum nær einungis til innfluttrar þjónustu skv. 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. vskl. Meginreglan er sú að kaupanda ber að skila skattinum á gjalddaga almennra uppgjörstímabíla.

Með úrskurði yfirsattanefndar í máli nr. 159/2015 var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að fjármálafyrirtæki sem keypti þjónustu veitta rafrænt erlendis frá væri ekki skilaskyld vegna kaupa á slíkri þjónustu hér á landi þar sem skyldan til að skila

virðisaukaskatti lægi alfarið hjá erlendum seljanda þjónustunnar, en hann hafði ekki sinnt þessari skyldu sinni. Í nýju lögunum er m.a. brugðist við þessari niðurstöðu með því að leggja til að undanþegnir aðilar verði ávallt skilaskyldir af allri aðkeyptri þjónustu erlendis frá, sem fellur undir skattskyldusvið laganna, en ekki hin erlendu atvinnufyrirtæki. Um er að ræða öfuga skilaskyldu virðisaukaskatts (e. reverse charge mechanism), þ.e. kaupanda þjónustunnar ber skylda til þess að skila í ríkissjóð virðisaukaskatti af aðkeyptri þjónustu erlendis frá en ekki seljanda þjónustunnar.

Þrátt fyrir framangreint eru eftirfarandi undantekningar frá greiðsluskyldu:

- Ef kaupanda væri heimilt að telja **virðisaukaskattinn til innskatts** samkvæmt ákvæðum virðisaukaskattslaganna; fellur skilaskylda niður.
- Ef kaupandi er einstaklingur, aðili sem stundar ekki atvinnurekstur eða starfsemi í hagnaðarskyni og andvirði þjónustu skv. 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. vskl. nemur **allt að 10.000 kr. án vsk.** á hverju uppgjörstímabili. Kaup á rafrænni þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu fellur ekki undir undantekninguna.
- **Ef erlenda atvinnufyrirtækið**, umboðsmaður þess eða annar aðili sem er í fyrirsvari fyrir það **er skráður** á grunnskrá virðisaukaskatts vegna starfsemi þess hér á landi.

c) Rafræn þjónusta, fjarskiptaþjónusta eða útvarps- og sjónvarpsþjónusta

Þrátt fyrir að meginreglan varðandi innflutning þjónustu sé svokölluð öfug skilaskylda virðisaukaskatts (e. reverse charge mechanism), þ.e. kaupandi þjónustunnar skilar skattinum, þá er ein undantekning frá þeirri meginreglu. Þannig ber atvinnufyrirtæknum sem eru með heimilisfesti og fasta starfsstöð erlendis og selja eftiralda þjónustu til Íslands: rafræna þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu, að innheimta og skila skattinum hér á landi. Ákvæðið á við um sölu á þessari þjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja. Sama skylda hvílir á umboðsmanni eða öðrum fyrirsvarmönnum hins erlenda fyrirtækis sem selur umrædda þjónustu til Íslands.

LOKAORÐ

Í þessari örgrein hefur verið stiklað á helstu atriðum sem breyttust nú í byrjun ársins hvað varðar virðisaukaskatt af þjónustuviðskiptum milli landa. Breytingarnar eru til mikilla bóta enda reglur gerðar mun einfaldari fyrir fyrirtæki. Auk þess ætti með breytingunum að vera komið í veg fyrir skattleysi varðandi innflutning á rafrænni þjónustu, fjarskipta- útvarps- og sjónvarpsþjónustu.

Vala Valtýsdóttir





ÚR FÉLAGSLÍFINU



Stolt af syninum sem fetar í fótspor hennar



Mikill áhugi



Ráðstefna í Brussel



Jóhanni og Emil leiðist ekki



Ásdís Olsen með vinnustofu



Morgunkorn voru fjölsótt



Allir í stuði í Brussel



Á ráðstefnu



DAGUR	VIÐBURÐUR	STAÐUR	FORM	EFNI	EININGAR
17. jan.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Protabú	3
18. jan.	Skattadagur	Grand hótél	Ráðstefna	Skattamál	4
6. feb.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Prófnefnd og nýir löggiltir	0.5
21. feb.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Persónuvernd	2
21. mars	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
30. apríl	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið-vinnustofa	Óákveðið	2
16. maí	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Siðamál	3
17. maí	Endurskoðunardagur	Grand hótél	Ráðstefna	Endurskoðun	4
21. maí	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Að taka löggildingarpróf	2
3. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Löggildingarpróf - yfirferð	5
6. sept	Gleðistund	Nauthóll	Kynning / samvera	Óákveðið	
19. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	3
20. sept.	Reikningsskiladagur	Grand hótél	Ráðstefna	Reikningsskil	4
31. okt.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
1. nóv.	Haustráðstefna	Grand hótél	Ráðstefna- vinnustofur	Fjölbreytt	5
1. nóv.	Aðalfundur	Grand hótél	Félagsfundur	Innri mál FLE	1
21.nóv.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið- vinnustofa	Óákveðið	2
4.des.	Hádegisfundur - jól	Grand hótél	Fyrirlestur	Hugvekja	
12. des.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skattamál	3

FLE stefnir að því að bjóða upp á 48 endurmenntunareiningar árið 2019.

Yfirlitið er birt með fyrirvara um breytingar. Vinsamlegast fylgist með upplýsingum um efnið á www.fle.is